

Starfsáætlun Leikskólans Grænagarðs 2021-2022



Leikur-Gleði-Vinátta

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Leikskóladagatal	4
Hagnýtar upplýsingar um skólahald	6
Fjöldi deilda og nemenda	6
Fjöldi kennara og stöðugildi	6
Starfsdagar og starfsmannafundir	7
Skólareglur	7
Mætingar barna	7
Reglur um lyfjagjafir	8
Fatnaður – aukaföt – fatahólfið	8
Áherslur í foreldrasamstarfi	8
Markmið foreldrasamstarfsins	8
Foreldraviðtöl	8
Stjórn Foreldraráðs/foreldrafélags	8
Upplýsingar um stoðþjónustu	9
Stjórnskipulag skólamála	9
Sérkennsla	9
Stefna leikskólans	9
Leikurinn	10
Læsi	10
Stærðfræði-Talnalæsi	11
Sköpun	11
Vináttuverkefni	12
Útivera og vettvangsferðir	12
Umhverfisstefna	12
Samstarf leik- og grunnskóla	13
Sjálfsmat Innra mat	13
Sjálfsmat leikskólans er metið út frá gæðagreinum Hversu góður er leikskólinn okkar?	13
Ytra mat	14
Áætlanir	14
Endur og símenntunaráætlun	14
Móttaka nýrra starfsmanna	15

Til minnis fyrir forstöðumann.....	15
Farið yfir mikilvæg atriði.....	16
Eftir eina til tvær vikur.....	16
Trúnaðarmaður	16
Áætlun um öryggi og velferð barna.....	16
Móttökuáætlun barna.....	16
Forvarnaráætlun.....	18
Markmið forvarnar áætlunar	18
Eineltisáætlun.....	19
Hvað er einelti:	19
Viðbragðsáætlun vegna eineltis:	20
Óformleg málsmeðferð:	20
Formleg málsmeðferð:	20
Hugmyndir að fyrirbyggjandi vinnu með starfsmönnum	20
Hugmyndir að fyrirbyggjandi vinnu með börnum:.....	21
Rýmingaráætlun	21
Brunaviðvörðunarkerfið er tengt vaktstöð. Viðbrögð við boðum:.....	21
Stjórnun:.....	21
Áætlun um hvað skuli gera ef slys verður á skólatíma	21
Slysatrygging.....	22
Slysaskráning	22
Jafnréttis og mannréttindaforvarnir í Leik og grunnskóla Öfundarfjarðar 2019-2022	22
Börn	23
Starfsfólk.....	23
Áfallaáætlun	23
Markmið:	24
Áætlun:	24
Fylgiskjöl	24

Inngangur

Hér fer á eftir starfsáætlun leikskólans Grænararðs 2021-2022.


Um starfsáætlanir stendur að hver skóli skuli birta stefnu sína með tvennum hætti. Annars vegar er almenn stefnumörkun birt í skólanámskrá

gron.isafjordur.is/aaetlanir/starfsaaetlun_og_skolanamskra/skra/66/ og hins vegar eru upplýsingar, sem eru breytilegar frá ári til árs, birtar í árlegri starfsáætlun. Leikskólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara og annað starfsfólk skólans sem með því móti hafa skuldbundið sig til að framfylgja þeim.

Breytingar urðu í ágúst síðastliðinn þegar leikskólastjóri var ráðinn til starfa á Grænararð til eins árs. Frá árinu 2012 hefur verið sameiginlegur skólastjóri yfir leikskólanum og grunnskóla Öfundarfjarðar. Þessar breytingar verða metnar að ári og ákvörðun tekin um framhaldið.

Leikskólastjóri sér um rekstur leikskólans, mannráðningar og fjármál. Einnig sér hann um daglega stjórnun, skipulagningu starfsins og sér til þess að unnið sé eftir markmiðum leikskólans, skólastefnu Ísafjarðarbæjar og lögum og reglum. Leikskólastjóri ber ábyrgð á foreldrasamstarfi og skal sjá til þess að upplýsingastreymi milli heimilis og leikskóla sé gott.

Sigríður Anna Emilsdóttir
leikskólastjóri



Leikskóladagatal

Á skóladagatalinu er að finna viðburði í leikskólanum, starfsdaga, fundi starfsfólks og námskeiðsdaga. Skóladagatalið er að finna á næstu blaðsíðu.

Samband Íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2021 - 2022

Iafr leikskóla **Leikskólinn Grænigarður**

ÁGÆST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1. S	1. M	1. F	1. M Starfsmannaf. vegna	1. M Þellurliðsdagurinn	1. L Miðvika	1. Þ	1. Þ Spennidagur	1. F	1. S Verkalífdagurinn	1. M	1. F Lokun kl 15:00
2. M Frdagur vegna feris	2. F	2. L	2. Þ	2. F	2. S	2. M	2. M Skuldagur	2. L	2. M Starfsmannaf. vegna	2. F	2. L
3. Þ Sumarlukun	3. F	3. S	3. M	3. F Júlídagur	3. M Starfsmannaf. vegna	3. F	3. F	3. S	3. Þ	3. F Óvirkni, Skrifli	3. S
4. M	4. L	4. M Starfsmannaf. vegna	4. F	4. L	4. Þ	4. F	4. F Starfsmannaf. vegna	4. M Starfsmannaf. vegna	4. M	4. L	4. M
5. F	5. S	5. Þ	5. F	5. S	5. M	5. L	5. L	5. Þ	5. F	5. S Helgundagur	5. Þ
6. F	6. M	6. M	6. L	6. M Starfsmannaf. vegna	6. F Þrellidagur	6. S Dagur íriktaklára	6. S	6. M	6. F	6. M Annar Helgundagur	6. M
7. L	7. Þ	7. F	7. S	7. Þ	7. F Skuldagurinn	7. M Starfsmannaf. vegna	7. M Þarfrídagurinn	7. F	7. L	7. Þ Starfsmannaf. vegna	7. F
8. S	8. M Dagurinn	8. F	8. M Þarfrídagurinn	8. M	8. L	8. Þ	8. Þ Þarfrídagurinn	8. F	8. S	8. M	8. F
9. M Óvirkni kl 15:00	9. F	9. L	9. Þ	9. F	9. S	9. M	9. M Þarfrídagurinn	9. L	9. M	9. F	9. L
10. Þ	10. F Hóskuldagurinn	10. S	10. M	10. F	10. M	10. F	10. F	10. S Þómasundagurinn	10. Þ	10. F	10. S
11. M	11. L	11. M	11. F	11. L	11. Þ	11. F Dagurinn kl 12:00	11. F	11. M	11. M	11. L	11. M
12. F	12. S	12. Þ	12. F	12. S	12. M	12. L	12. L	12. Þ	12. F	12. S Skuldagurinn	12. Þ
13. F	13. M	13. M	13. L	13. M	13. F	13. S	13. S	13. M Þómasundagurinn kl 12:00	13. F	13. M	13. M
14. L	14. Þ	14. F Skuldagurinn kl 15:00	14. S	14. Þ	14. F	14. M	14. M Dagurinn kl 12:00	14. F Skuldagurinn	14. L	14. Þ	14. F
15. S	15. M	15. F Starfsmannaf. vegna	15. M	15. M	15. L	15. Þ	15. Þ	15. F Þómasundagurinn kl 15:00	15. S	15. M	15. F
16. M	16. F Dagurinn kl 15:00	16. L	16. F Dagurinn kl 15:00	16. F	16. S	16. M	16. M	16. L	16. M	16. F	16. L
17. Þ	17. F	17. S	17. M	17. F Klukka kl 12:00	17. M	17. F	17. F	17. S Þómasundagurinn	17. Þ	17. F Lífdagurinn	17. S
18. M	18. L	18. M	18. F	18. L	18. Þ	18. F	18. F	18. M Annar þekkur	18. M	18. L	18. M
19. F	19. S	19. Þ	19. F	19. S	19. M	19. L	19. L	19. Þ	19. F	19. S	19. Þ
20. F Niðurdagurinn	20. M	20. M	20. L Dagurinn kl 12:00	20. M	20. F	20. S Kvöldagurinn	20. S	20. M	20. F	20. M	20. M
21. L	21. Þ	21. F	21. S	21. Þ	21. F Þómasundagurinn kl 15:00	21. M	21. M Óvirkni kl 15:00	21. F Sumardagurinn kl 15:00	21. L	21. Þ	21. F
22. S	22. M	22. F	22. M	22. M	22. L	22. Þ	22. Þ	22. F	22. S	22. M	22. F
23. M Starfsmannaf. vegna	23. F	23. L Þarfrídagurinn	23. Þ	23. F Þarfrídagurinn	23. S	23. M	23. M	23. L	23. M	23. F	23. L
24. Þ	24. F Skuldagurinn	24. S	24. M	24. F Þómasundagurinn kl 15:00	24. M	24. F	24. F	24. S	24. Þ	24. F	24. S
25. M	25. L	25. M	25. F	25. L Júlídagurinn	25. Þ	25. F Þómasundagurinn	25. F	25. M	25. M Skuldagurinn kl 15:00	25. L	25. M
26. F	26. S Þómasundagurinn kl 15:00	26. Þ	26. F Þómasundagurinn kl 15:00	26. S Annar þekkur	26. M	26. L	26. L	26. Þ	26. F Upphafsdagurinn	26. S	26. Þ
27. F	27. M	27. M Þómasundagurinn	27. L	27. M	27. F	27. S	27. S	27. M	27. F Starfsmannaf. vegna	27. M	27. M
28. L	28. Þ	28. F	28. S	28. Þ	28. F	28. M Þómasundagurinn	28. M	28. F	28. L	28. Þ	28. F
29. S	29. M	29. F	29. M	29. M	29. L	29. Þ	29. Þ	29. F	29. S	29. M	29. F
30. M	30. F	30. L	30. Þ	30. F	30. S	30. M	30. M	30. L	30. M	30. F	30. L
31. Þ		31. S		31. F Gamli Dagurinn	31. M		31. F	31. Þ			31. S

Hagnýtar upplýsingar um skólahald

Leikskólinn Grænigarður er við Grundarstíg 17 á Flateyri og skólinn er opinn 8:00 til kl 16:00.

Leikskólinn er rekinn af Ísafjarðarbæ. Netfang graenigardur@isafjordur.is Sími 450 8260.

Dagskipulagið er eftirfarandi:

8:00	Leikskólinn opnar
8:00-8:30	Frjáls leikur
8:30-9:00	Morgunmatur
9:00-9:10	Morgunstund
9:10-10:05	Hópatími
10:05-10:30	Ávaxtastund/Fataklefi
10:30-11:30	Útivera
11:20-12:00	Hádegismatur
12:00-12:30	Hvíld
13:30-14:30	Frjáls leikur/Innivera/útivera/val
14:30-14:45	Söngstund
14:45-15:15	Nónhressing
15:15-16:00	Frjáls leikur útivera

Fjöldi deilda og nemenda

Tvær deildir eru á Grænagarði Oddi þar sem eru börn á aldrinum 1-3 ára og Eyri þar sem eru börn á aldrinum 4-5 ára. Deildirnar vinna að hluta til saman, barn á Odda sem er elst og eitt í árgangi fer á ákveðnum tímum dagsins yfir á Eyri

Þann 1. september 2021 voru ellefu nemendur í leikskólanum Grænagarði og 2 nemendur úr 1.-4. bekk grunnskólans eru í dægradvöl sem stendur frá 13:15 – 16:00. Frá 1. Október verða 3 börn úr grunnskólanum í dægradvöl í leikskólanum á mánudögum og föstudögum. Hér fyrir neðan má sjá fjölda nemenda eftir árgöngum.

Þessar upplýsingar geta að sjálfsögðu breyst.

Árgangur	Stúlkur	Drengir	Samtals
2020	0	1	1
2019	3	1	4
2018	0	1	1
2017	0	1	1
2016	2	2	4

Öll börnin eru í 8 tíma vistun

Fjöldi kennara og stöðugildi

Stöðugildin á Grænagarði eru 5.04 miðað við fjölda barna og aldur í september 2021. Fimm starfsmenn eru í 100% starfi og einn þeirra sér um ræstingu eftir lokun leikskólans.

Leikstjórastjóri er með leikskólakennaramenntun, að auki starfar einn leikskólakennari og þrjú leiðbeinendur.

Hádegismatur er eldaður í Gunnukaffi og er hann sóttur af starfsmanni leikskóla. Morgunmatur og nónhressing eru útbúin í leikskólanum.

Nafn	Starfsheiti	Netfang	Símanúmer
------	-------------	---------	-----------

Evelyn Calderon	Starfsmaður í leikskóla	evelynca@isafjordur.is	450 8260
Haukur Steinn Fanneyjarson	Starfsmaður í leikskóla	haukurf@isafjordur.is	450 8260
Joanna Majewska	Leikskólakennari	joannama@isafjordur.is	450 8260
Katarzyna Filochowska	Starfsmaður í leikskóla	katarzynafi@isafjordur.is	450 8260
Sigríður Anna Emilsdóttir	Leikskólastjóri	sigridure@isafjordur.is	450 8260

Starfsdagar og starfsmannafundir

Starfsdagar eru 4 yfir skólaárið:

- 10. september námskeiðsdagur
- 22. október starfsdagur (breytt dagsetning frá skóladagatali)
- 4. mars starfsdagur
- 27. maí starfsdagur

Þessa daga er leikskólinn lokaður.

Starfsmannafundir eru 10 yfir skólaárið:

- 23. ágúst frá 8:00-10:00
- 4. október frá 8:00-10:00
- 1. nóvember frá 8:00-10:00
- 6. desember frá 8:00-10:00
- 3. janúar frá 8:00-10:00
- 7. febrúar frá 8:00-10:00
- 21. mars frá 8:00-10:00
- 4. apríl frá 8:00-10:00
- 2. maí frá 8:00-10:00
- 7. júní frá 8:00-10:00

Þessa daga opnar leikskólinn kl. 10:00

Skólareglur

Mætingar barna

Þegar barn kemur í leikskólann er mikilvægt að því sé fylgt inn á deild til starfsmanna. Þegar barnið er sótt þarf einnig að láta starfsfólk vita. Mikilvægt er að tilkynna veikindi barns og láta vita ef barn er í fríi og hversu lengi það verður í fríinu.

Ef foreldrar eru ekki komnir, þegar 10 mínútur eru liðnar frá því að umsaminn vistunartími er útrunninn, er hringt heim.

Reglur um veikindi

Almenna reglan er sú að barn er heima þegar það er veikt og með hita því starfsemi leikskóla tekur mið af því að barnið geti tekið fullan þátt í leik og starfi bæði úti og inni. Þegar barn veikist í leikskólanum er hringt í foreldra og þeir beðnir um að sækja barnið. Þegar barn kemur ekki í leikskólann vegna veikinda er mikilvægt að foreldrar hringi í leikskólann og tilkynni veikindin. Eftir veikindi getur barnið fengið að vera inni í 1 - 2 daga. Ekki er hægt að fá að vera inni til að fyrirbyggja veikindi.

Barn getur verið veikt eða fundið til vanlíðunar þó að það sé ekki með hita.

Reglur um lyfjagjafir

Til að tryggja öryggi barnanna gefur starfsfólk leikskólans börnum ekki lyf sem þau hafa fengið ávísað frá lækni. Ef barnið þarf á lyfjum að halda á leikskólatíma þá koma foreldrar í skólann og gefa lyfið. Í undantekningar tilvikum er börnum gefin lífsnauðsynleg lyf s.s. astma og/eða ofnæmislyf og þá þarf að skila inn læknisvottorði og skriflegum fyrirmælum um lyfjagjöfina frá lækni. Ef barn hefur greinst með óþol, ofnæmi, astma eða einhvers annars 6 sem krefst sérstakrar meðferðar, skal skila vottorði því til staðfestingar. Endurnýja þarf læknisvottorð árlega.

Fatnaður – aukaföt – fatahólfið

Leikskólinn er vinnustaður barnanna. Þar fást þau við alls kyns efnivið/verkefni og geta hæglega óhreinkað föt sín. Einnig getur komið fyrir óhapp og föt blotnað. Því er mikilvægt að barnið sé í þægilegum fatnaði og hafi aukaföt með sér. Flesta daga fara börnin út og þurfa því að hafa með sér fatnað í samræmi við veður hverju sinni.

Áherslur í foreldrasamstarfi

Við leggjum sérstaka áherslu á að taka vel á móti öllum börnum og foreldrum. Við viljum að allir finni fyrir vingjarnlegu viðmóti og trausti. Samvinna foreldra og leikskóla byggist á gagnkvæmri virðingu í opnum samskiptum og við sýnum fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu skilning og virðingu. Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi og menntun barna sinna og við leggjum þess vegna áherslu á góða samvinnu kennara og foreldra. Upplýsingaflæði milli leikskóla og heimilis er mikilvægt og foreldrar eru alltaf velkomnir í leikskólann til að fylgjast með starfinu. Foreldrum er boðið á ýmsar upptökur í leikskólanum sem eru auglýstar sérstaklega.

Markmið foreldrasamstarfsins

Markmið foreldrasamstarfsins er að eiga gott og náð samstarf við foreldra barna á Grænagarði virða skoðanir og hlusta á óskir þeirra.

Foreldraviðtöl

Á hverju ári eru foreldraviðtöl þar sem hópstjórar/leikskólastjóri ræða við foreldra. Þar er farið yfir líðan barnanna og þroska. Á starfsmannafundunum fara kennarar yfir barnahópin og skoða stöðu hvers barns.

Stjórn Foreldraráðs/foreldrafélags

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 kemur fram að við hvern leikskóla skuli vera foreldraráð en heimilt er fyrir fámenna skóla að hafa sömu stjórn í foreldraráði og foreldrafélagi. Þannig er það í Grænagarði.

Sameiginlegt foreldrafélag er fyrir leikskólann Grænagarð og grunnskóla Önuðarfjarðar.

Nöfn og netföng stjórnar:

Eyvindur Atli Ástvaldsson - eyvi12@gmail.com

Jóhanna Maggý Kristjánsdóttir - hannamaggy@gmail.com

Sólveig María Þórðardóttir - solveigmaria96@gmail.com

Steinunn G. Einarsdóttir - sg@afish.is

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Ráðið skal fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Einnig hefur foreldraráð umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Nöfn og netföng stjórnar:

Eyvindur Atli Ástvaldsson - wyvi12@gmail.com

Jóhanna Maggý Kristjánsdóttir - hannamaggy@gmail.com

Sólveig María Þórðardóttir - solveigmaria96@gmail.com

Upplýsingar um stoðþjónustu

Skóla- og tómsfundasvið Ísafjarðarbæjar

Hlutverk skóla- og tómsfundasviðs Ísafjarðarbæjar er rekstrarlegt og faglegt eftirlit með starfsemi skóla Ísafjarðarbæjar. Í því felst m.a. að veita grunnskólum og leikskólum sérfræðiaðstoð og ráðgjöf.

Skólaþjónustan veitir eftirfarandi sérfræðiþjónustu: einstaklingsþjónusta - greining og úrræði t.d. sálfræðileg og kennslufræðileg greining námsvandamála og greining samskipta og hegðunar vandamála. Viðtalstími er á opnunartíma skrifstofu nema annað sé tekið fram og síminn er 450 8000.

Stjórnskipulag skólamála

Fræðslunefnd er skipuð 5 fulltrúum sem eru pólitískt kjörnir af bæjarstjórn. Fulltrúar kennara, skólastjóra og foreldra í Ísafjarðarbæ eiga rétt til setu á fundum fræðslunefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hlutverk nefndarinnar er að marka stefnu sveitarfélagsins í skólamálum, fylgjast með og stuðla að því að skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu, aðbúnaður sé fullnægjandi og að unnið sé skv. lögum.

Sérkennsla

Enginn sérkennari starfar við skólann. Sérstakt tillit er tekið til barna með sérþarfir í leikskólanum og er leikskólinn í góðu samstarfi við Guðrúnu Birgisdóttur skóla- og sérkennslufulltrúa Ísafjarðarbæjar. Þegar barni gengur illa að samlagast hópnum eða í ljós koma þroskatengd vandamál fer af stað ákveðið ferli í leikskólanum. Leikskólastjóri/kennari byrjar á að gera nokkrar skráningar á barninu í leik og starfi og ef ástæða þykir er málinu fylgt eftir í samráði við foreldra. Haft er samband við skóla- og sérkennslufulltrúa vegna sérkennslu sem metur barnið enn frekar.

Leikskólastjóri ber ábyrgð á og stjórnar skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslunnar í leikskólanum í samráði við sérkennslufulltrúa

Stefna leikskólans

Á Grænagarði er stuðst við aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá og lestrarstefnu Ísafjarðarbæjar. Markmið leikskólans eru að barnið nái þeim þroska sem því er mögulegt í leik- og gleðiríku umhverfi, fjölbreyttum verkefnum, námsgögnum og efnivið.

Kennarinn er lykillinn að því að gera leiðirnar í starfinu aðgengilegar börnum. Það er hans að vera meðvitaður um hvað, hvers vegna og hvernig á að uppfylla það að vera með samþætt og skapandi skólastarf.

Einkunnarorð leikskólans eru: **Leikur-Gleði-Vinátta**

Leikurinn

Leikurinn er þungamiðja leikskólastarfsins og megin námsleið barna. Leikurinn er börnum eðlislægur og þau leika sér af fúsum og frjálsum vilja á eigin forsendum.

Í leik vinna börn úr reynslu sinni, prófa getu sína og gera tilraunir, þau skapa leikinn úr hugarheimi sínum og taka ákvarðanir á eigin forsendum.

Þegar börn leika saman, þá setja þau fram sínar hugmyndir og læra að virða sjónarmið annarra, þannig taka þau þátt í lýðræðislegum athöfnum í gegnum leik.

Í leik nota börn tungumál, hreyfingu, læra félagsleg samskipti og efla tilfinningatengsl.

Sköpunarkraftur barna vaknar í leik og löngun þeirra til að læra og afla sér þekkingar.

Leikurinn er kjarninn í starfi leikskólans. Hann er uppistaðan í frjálsum og skipulögðu starfi skólans þar sem námssviðin fléttast markvisst inn í.

Frjálsa leiknum verður gefið meira svigrúm og lengri tíma en áður í dagskipulagi. Mikilvægt er að börn fái að þróa sig áfram í leik þannig skapast einnig tækifæri fyrir kennara til að gera athuganir og skráningar um einstök börn

Læsi

Lögð verður áhersla á gott málfragslegt umhverfi og sýnilegt ritmál. Gott aðgengi er að fjölbreyttum bókum á deildum og þeim skipt út reglulega. Lesið er fyrir börnin daglega, rætt um efnið og það rifjað upp og staldrað er við einstök orð þau útskýrð nánar.



Unnið verður með vísur og þulur, hverja þeirra í 3-4 vikur og verkefni unnin út frá þeim. Þegar vísur og þulur eru lagðar inn eru börnin í fyrstu að hlusta og uppgötva takt og hljómfall og svo læra þau textann smá saman og efla orðaforðann.

Stuðst er við lestrarstefnu Ísafjarðarbæjar um stefnumörkun fyrir börn á leikskólaaldri. Þar eru sett fram aldursvarandi markmið, kennsluáðferðir og tillögur að námsefni. Einnig er fjallað um matstæki (sjá kafla um innra mat), viðmið og úrræði þegar það á við og hlutverk foreldra. Nánar má lesa um stefnuna hér: [lestrarstefna_isafjardarbaejar.pdf \(isafjordur.is\)](https://www.isafjordur.is/lestrarstefna-isafjardarbaejar.pdf)

Áfram verður unnið með námsefnið, Lubbi finnur málbein með öllum börnum leikskólans. Þar eru íslensku máhljóðin í brennidepli og er efnið hugsað til málörvunar og hljóðnáms barna frá 2 til 7 ára aldurs. Einn bókstafur/máhljóð er tekið fyrir vikulega.

Á Eyri verður unnið með Orðagull sem miðar að því að styrkja orðaforða, vinnsluminni, heyrnræna úrvinnslu og máltjáningu barna.

Einnig verður notast við námsefnið, Ljáðu mér eyra sem byggir á spennandi og aðgengilegum verkefnum sem þjálfa hljóðkerfisvitund og stuðla þannig að aukinni lestrarfærni og bókina, Tölum saman, málörvunarkerfi fyrir börn með málþroskafrávik og tvítyngd börn.

Stærðfræði-Talnalæsi

Markvisst verður unnið með tölur og talnalæsi í hópatímum. Tölur verða sýnilegar á deildum í ýmsum útfærslum bæði tölustafirnir sjálfir og magnið sem þeir tákna sem verður túlkað með myndum.

Unnið verður með Numicon kubba sem eru sérstakir stærðfræðikubbar sem voru hannaðir með það í huga að nýta þrjá meginstyrkleika ungra barna en þeir eru lærdómur í leik, eftirtekt og sterk tilfinning barna fyrir mynstrum. Meginhugmyndin er að börn skilji og átti sig á að tölustafir eru ekki bara tákni sem hafa verið sett niður á blað af einhverju handahófi, heldur mynda þeir mjög skipulagt kerfi þar sem alls konar mynstur koma fyrir.



Á Eyri er einnig notast við námsefnið, Í TALNALANDI, þar sem áhersla er lögð á talnaskilning og talnalæsi.

Sköpun

Hugmyndir, tilfinningar og ímyndun barna njóta sín best í skapandi starfi. Athyglin á að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og því námi sem á sér stað og að börnin fái tækifæri til að vinna úr reynslu sinni.

Unnið verður með fjölbreyttan efnivið í hvers kyns sköpun og unnið úr hugmyndum sem upp koma í leik og starfi.

Markmiðið er að

- Börn fái að hafa val um útfærslu á hugmyndum og fái að vinna úr reynslu sinni sjálf og/eða með hjálp kennara.
- Styrkja sjálfsmynd barna með því að þau fái að taka þátt í skapandi ferli þar sem þau finna til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti.
- Börn kanni og vinni með margvíslegan efnivið og nýti fjölbreytta tækni.
- Börn skapi og tjái upplifun sína í gegnum myndlist, tónlist, dans, leikræna tjáningu og talmál.



Vináttuverkefni

Vinátta er forvarnaverkefni Barnaheilla gegn einelti þar sem unnið er með eftirfarandi gildi: Umburðarlyndi, virðing, umhyggja og hugrekki. Markvisst verður unnið með verkefnið á báðum deildum í vetur.

Öll börn fá bangsann Blæ sem er tákmynd vináttunnar sem fylgir þeim alla leikskólagönguna. Blær kennir okkur m.a. um samkennd, vináttu og tilfinningar

Allir starfsmenn leikskólans hafa farið á námskeið um verkefnið og búið er að kaupa námsefni Gul taska á Odda 1-3 ára og Græn taska á Eyri 3-6 ára.

Upplýsingar um námsefnið má finna á heimasíðu Barnaheilla <https://www.barnaheill.is/is/forvarnir/vinatta>

Bókum leikskólans sem fjalla um vináttu og tilfinningar hefur verið safnað saman, og verða þær notaðar reglulega í verkefninu.



Útivist og vettvangsferðir

Útivist býður upp á fjölbreytta hreyfingu og er mikilvægur þáttur í leikskólastarfi. Útivera er börnunum holl, styrkir þau og eflir. Það gefast ótal tækifæri til náms í útiverunni. Í útiverunni leika börnin sér að mestu frjálst en einnig er farið í skipulagða leiki. Útivera verður að minnsta kosti einu sinni á dag.

Vettvangsferðir verða hluti af starfinu með börnunum þar sem þau skoða nærumhverfi sitt og læra meðal annars að umgangast náttúruna af virðingu og fylgjast með árstíðabreytingum.

Markmið með útiveru og vettvangsferðum eru að börn fái ögrandi og krefjandi útivist með fjölbreyttri hreyfingu og kynnist nærumhverfi sínu og margbreytileika þess.



Umhverfisstefna

Við Leikskólann Grænararð og Grunnskóla Öfundarfjarðar er unnið markvisst með sjálfbærni. Umhverfisstefnan felur í sér að skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur er þroskaður

sem virkur borgar, meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart hnattrænum áhrifum og jafnræði allra jarðarbúa, náttúru og umhverfi. Í skólunum er unnið að sjálfbærni með því að:

- flokka allt sorp sem til fellur
- vera með útikennslu
- vera með skólagarða
- gróðursetja tré á vorin
- vera með fræðslu um umhverfismál
- tína rusl í nágrenni skólahúsanna
- halda umbúðanotkun í lágmarki



Samstarf leik- og grunnskóla

Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra og kennara, þar sem velferð, þroski og menntun barnanna er í brennidepli.

Samstarf við Grunnskóla Öndarfjarðar verður með svipuðum hætti og undanfarin ár. Elstu börnin yrja daginn í grunnskólanum tvo daga vikunnar þar sem þau fara tvær kennslustundir og frímínútur með börnunum í grunnskólanum.

Sjálfsmat Innra mat

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara. Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Sjálfsmat leikskólans er metið út frá gæðagreinum Hversu góður er leikskólinn okkar?

- Námskilyrði. Gæðagreinir 2.1. Vernd barna. Haust 2019.
- Námskilyrði. Gæðagreinir 2.7. Samstarf. Haust 2019.

- Velgengi og árangur. Gæðagreinir 3.3. Sköpun og leikni. Vor 2020.
- Forysta og stjórnun. Gæðagreinir 1.3. Breytingastjórnun. Haust 2020.
- Námskilyrði. Gæðagreinir 2.5. Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi. Haust 2020.
- Námskilyrði. Gæðagreinir 2.2. Skólanámskrá. Vor 2021.
- Forysta og stjórnun. Gæðagreinir 1.5. Verklag sem stuðlar að sanngirni. Haust 2021.
- Námskilyrði. Gæðagreinir. 2.4. Einstaklingsmiðun. Haust 2021.
- Velgengi og árangur. Gæðagreinir 3.1. Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar. Vor 2022.
- Velgengi og árangur. Gæðagreinir 3.2. Þroski og framfarir leikskólabarna. Haust 2022.
- Forysta og stjórnun. Gæðagreinir 1.2. Forysta í skólastarfi. Haust 2022.
- Námskilyrði. Gæðagreinir 2.3. Náms, kennsla og námsmat. Vor 2023.
- Forysta og stjórnun. Gæðagreinir 1.4. Forysta og starfsmannastjórnun. Haust 2023.
- Námskilyrði. Gæðagreinir 2.6. Samfella í skólastarfi. Haust 2023.
- Forysta og stjórnun. Gæðagreinir 1.1. Umbótamiðað sjálfsmat. Vor 2024.

Farið er yfir gæðagreina á starfsmannafundum og skipulagsdögum auk umræðumats og skráninga um einstök verkefni og áherslur.

Mat leikskólubarna: Börnin fá tækifæri á að meta ákveðin verkefni og leikefni yfir veturinn með því að gefa þeim broskall ☺ fýlukall ☹.

Í leikskólum Ísafjarðarbæjar er málþroskaprófið EFI-2 lagt fyrir 3-4 ára gamla nemendur og Hljóm-2 fyrir 5 ára börn haustið áður en þau fara í grunnskóla. Hljóm-2 prófið metur hljóðkerfis- og málvitund nemenda.

TRAS er skráningalisti þar sem fylgst er með máltöku 2-5 ára barna.

MÍÓ-stærðfræðiskimun

Tove Krogh sem er teiknikönnun fyrir elstu börnin

Ytra mat

Foreldraráð gefur umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum.

Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Áfram heldur vinna við umbótaáætlun út frá ytra mati menntamálastofnunnar sem gert var vorið 2019, sjá fylgiskjöl.

Áætlanir

Endur og símenntunaráætlun

Í starfsmannastefnu Ísafjarðarbæjar, segir að starfsmenn skuli eiga kost á fræðslu og endurmenntun sem eykur þekkingu þeirra í starfi og að þeir skuli hvattir til að efla fagþekkingu sína í samræmi við síbreytilegar kröfur sem gerðar eru til vinnustaða sveitafélagsins.

Í kjarasamningum er kveðið á um að starfsmenn skuli eiga kost á að sækja fræðslu-og/ eða þjálfunarnámskeið. Stefnt skuli að því að gera símenntunaráætlanir fyrir allar ofnanir/starfseiningar.

Markmið þeirra verði að samræma áhuga starfsmanna fyrir símenntun og heildarmarkmiðum stofnana og starfseininga.

Starfsfólk sækir námskeið og fyrirlestra á vegum Ísafjarðarbæjar, Háskóla Íslands eða hjá öðrum endurmenntunarstofnunum. Skipulagsdagar eru einnig nýttir að hluta til símenntunar. Heill dagur er tekin fyrir námskeið, en þá hittist allt starfsfólk leikskóla Ísafjarðarbæjar á námskeiði. Sameinginlegur námskeiðdagur leikskóla Ísafjarðarbæjar er alltaf sérsniðinn að þörfum leikskólanna.

Símenntun getur falist í:

- Námskeiðum fyrir kennara
- Ráðstefnum og fræðslufundum
- Jafningjafræðslu
- Lestri fagbóka og fagsíðna
- Áhorfi myndbanda á netinu
- Formlegu framhaldsnámi

Móttaka nýrra starfsmanna

Leikskólastjóri tekur á móti nýju starfsfólki í samræmi við starfsmannastefnu Ísafjarðarbæjar en þar er lögð áhersla á markvissa móttökuáætlun og nýliðafræðslu.

- Ráðningarsamningur fylltur út og sendur mannauðsstjóra til yfirlestrar
- Ráðningarsamningur undirritaður
- Trúnaðarheit undirritað
- Heimild til upplýsingaöflunar úr sakaskrá undirrituð (ef við á)
- Ráðningarsamningi skilað til launadeildar
- Starfsmaður minntur á að skila nauðsynlegum gögnum eins og:
 - Upplýsingar um hlutfallsnýtingu persónuafsláttar
 - Prófskýrteinum
 - Starfsvottorði
 - Upplýsingum um viðbótarlífeyrissparnað
 - Rætt við starfsmann um:
 - Kjarasamninga og stéttarfélag
 - Lífeyrissjóð
 - Dagsetningar útborgunar
 - Orlof og sumarfrí
 - Veikindi, tilkynningar og vottorð
 - Vinnustund og fjarvistaskráningu
 - Vinnutímaskipulag
 - Starfslýsingu
 - Starfsmannafélög og greiðslur í þau (þar sem við á)

Til minnis fyrir forstöðumann

- Kynna nýjan starfsmann fyrir samstarfsfélögum
- Undirbúa vinnuáætlun
- Pantatölvupóstfang fyrir starfsmann og láta setja hann í viðeigandi hópa, tölvuskjá, ZeroClient/tölvu og prentaðgang/prentkort (hjalp@isafjordur.is). Senda nafn, kennitölu, starfsheiti, starfsstöð og aðgangshópa (ef við á). Gert hjá Origo – hjalp@isafjordur.is
- Tilkynna upphaf starfs til upplýsingafulltrúa (tinnaolafs@isafjordur.is) og senda honum upplýsingar um netfang, símanúmer, starfsheiti og starfsstöð.

Farið yfir mikilvæg atriði:

- Skipulag matar og kaffitíma
- Boðleiðir og skipurit
- Vinnureglur, siði og venjur
- Skipulag húsnæðis
- Mikilvæg öryggisatriði
- Klæðnað og snyrtimennsku (ef það á við)
- Siðareglur starfsfólks
- Hvar hinar ýmsu reglur og samþykktir sem snúa að starfsmannamálum er að finna á vef Ísafjarðarbæjar
- Kenna á Vinnustund
- Kenna á Karellen

Eftir eina til tvær vikur

- Funda með starfsmanni
- Ræða réttindi og skyldur, reynslutíma, uppsagnarfrest, stéttarfélag og trúnaðarmenn.

Trúnaðarmaður

Ekki er trúnaðarmaður í leikskólanum þar sem starfsmenn eru fáir og í mismunandi stéttarfélögum. Ef starfsmenn telja á sér brotið eða vilja fá frekari upplýsingar leita þeir beint til viðeigandi stéttarfélags.

Áætlun um öryggi og velferð barna

Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst (Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands). Markmið laga og reglugerða um skólalald er meðal annars að tryggja að nemendum líði vel. Mikilvægt er að þeir búi við öryggi og að gagnkvæmt traust ríki í skólasamfélaginu. Í Ísafjarðarbæ hefur verið gefin út handbók um öryggi barna í leik- og grunnskólum Ísafjarðarbæjar. Það er á ábyrgð leikskólastjóra og starfsfólks að framfylgja öryggisáætluninni.

Móttökuáætlun barna

Á Grænararði fer fram aðlögun, þar sem börnin koma nokkur í senn (eða eitt og eitt, fer eftir aðstæðum) í leikskólann í fylgd með foreldrum sínum. Hún felst í því að foreldrar eru með börnunum fyrstu dagana þeirra í leikskólanum og taka fullan þátt í að sinna sínu barni. Með góðum aðlögunartíma aukast tengsl milli barna, foreldra og starfsfólks..

Aðlögun er höfð í stuttan tíma fyrsta daginn og aðeins lengd frá degi til dags, til að börnin fái að kynnast starfsfólki og umhverfi smátt og smátt.

Gert er ráð fyrir 4- 5 dögum í aðlögun en það þarf að vega og meta hversu langan tíma hvert barn þarf. Einnig er æskilegt að aðlaga börnin eftir að hafa verið lengi í burtu. Reynt er að láta sama starfsmanninn fylgja barninu eftir allan aðlögunartímann. Þessir dagar eru mikilvægir fyrir börnin, til að stuðla að vellíðan þeirra og öryggi.

Fyrirkomulag aðlögunar er eftir farandi:

1. dagur: kl. 10:30 kemur barnið í 30-60 mín. Heimsókn með foreldri (útivera).

2. dagur: kl. 9:30 barnið og foreldri eru í 1 til 2 klst., ef vel gengur fer foreldri frá í stutta stund.

3. dagur: kl. 8:30 barnið kemur í morgunmat, dvelur í 2 klst. (foreldri fer frá), sótt kl. 10:30.

4. dagur: kl. 8:30 barnið dvelur í 3 klst., sótt kl. 11:30.

5. dagur: er barnið í fullan vistunartíma

Þegar leikskólaganga barna hefst er mikilvægt að strax myndist góð tengsl á milli leikskóla og heimilis. Gagnkvæm virðing milli foreldra og leikskóla er grundvöllur þess að barninu líði vel og að það fái notið sín. Leikskólinn þarf að fá góðar upplýsingar um barnið og heimilisaðstæður þess og ekki er síður mikilvægt að leikskólinn veiti foreldrum greinargóðar upplýsingar um skólafarfið.

Það er stórt skref fyrir öll börn að byrja í leikskóla. Sú reynsla getur reynst þeim börnum erfið sem ekki eiga íslensku að móðurmáli. Á meðan á aðlögun stendur þarf að hvetja erlenda foreldra til að tala móðurmál sitt við barnið. Móðurmálið er mikilvægur grunnur fyrir önnur mál og kunnátta í því veitir barninu öryggi. Eins þurfa börn og foreldrar líka tækifæri til að ræða saman á móðurmáli sínu um hluti í leikskólaumhverfinu og það kemur í veg fyrir að bil myndist milli heimilis og þess sem barnið upplifir í leikskólanum.

Foreldrar eru boðaðir í viðtal í leikskólann þar sem skipst er á upplýsingum og gengið frá dvalarsamningi. Aðlögun barns að leikskóla er einnig tími aðlögunar foreldra að leikskólafarfinu og er mikilvægt að foreldrar fái sem fyllstu mynd af starfi leikskólans, kynnist starfsfólki, skipulagi og húsakynnum og síðast en ekki síst öðrum foreldrum í sömu sporum.

Ef í ljós kemur að þörf er á tülk á leikskólinn að hafa frumkvæði að því að bjóða hann, eða ákveða í samráði við foreldra hvernig þeim málum verður háttað. Tvítýngdir kennarar, eða annað starfsfólk leikskólans geta túlkað fyrir foreldra þegar sá möguleiki er fyrir hendi. Einn kostur er að bjóða foreldrum að koma með vin eða einhvern úr fjölskyldunni til að túlka ef foreldrar óska þess. Aldrei skal láta börn túlka viðtöl fyrir foreldra sína. Ávallt skal velja tülk í samráði við foreldra til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Ekki er sjálfgefið að foreldrar vilji ræða málefni sín og barna sinna við hvern sem er.

Hópstjóri barnsins er í fyrsta viðtali við foreldra ásamt leikskólastjóranum. Viðtalið hefur það að markmiði að koma á eins góðum tengslum við foreldra og hægt er áður en barnið byrjar í aðlögun. Hér fyrir neðan eru hugmyndir að upplýsingalista sem skólinn getur stuðst við: Upplýsingar sem foreldrar skulu veita skólanum. Flestar þessar upplýsingar eru á umsóknareyðublaði leikskólans.

- Almennar hagnýtar upplýsingar, vinnustaðir foreldra, símanúmer o.s.frv.
- Heilsufar barns og skapgerð.
- Matarræði, ofnæmi o.s.frv.
- Hvað finnst barninu skemmtilegast að gera, erfiðast?
- Leikfélagar, þekkir barnið einhvern í skólanum?
- Má barnið fara í kirkju?
- Upprunaland móður.
- Upprunaland föður.
- Hvar er barnið fætt?
- Fjölskyldugerð (á barnið systkini?)
- Á barnið afa og ömmu og hvar búa þau.
- Hvað er barnið kallað heima – hefur nafn barnsins sérstaka merkingu?
- Gott er að fá upplýsingar um fyrri dagvistun.
- Hvaða tungumál eru töluð á heimilinu?
- Hvaða tungumál talar barnið?
- Hvaða tungumál tala foreldrar við barnið?

- Hvaða tungumál tala foreldrar hvort við annað?
- Tala foreldrar íslensku?
- Vilja foreldrar túlk og ef svo er vilja þeir velja hann sjálfir?
- Trúarbrögð, trúarlegar hátíðir.
- Menning og siðir tengd trúarbrögðum, t.d. mataræði.
- Væntingar til skóla?
- Kennari fær leyfi foreldra fyrir því að birta myndir af barninu á lokuðum facebooksíðum og á Karellen
- Kennari fær leyfir fyrir að barnið megi fara í einkabíl með starfsfólki leikskólans ef á þarf að halda
- Orðalisti. Kennarar óska eftir því að foreldrar láti okkur fá orðasafn yfir t.d. að bjóða góðan dag, velkomin, gleðileg jól, telja upp að tíu og annað sem starfsfólk getur notað til að gera móðurmál barnsins sýnilegra í skólanum.

Forvarnaráætlun

Markmið með forvörnum er að stuðla að góðri líðan barna, jákvæðri sjálfsmynd og lífssýn, heilbrigðum lífsháttum og vinna gegn óæskilegri hegðun.

Forvarnir eru í eðli sínu víðtækar og ná til flestra þátta í daglegu lífi okkar. Forvarnir eiga að spanna allt lífsskeið fólks og hafa velferð og farsæld íbúanna að leiðarljósi. Jafnrétti og fordómaleysi þarf að einkenna forvarnir. Sýnt hefur verið fram á margvíslegan ávinning útivistar, íþróttar og tólmstunda með tilliti til lýðheilsu. Tryggja þarf að allir geti notið þess að ástunda heilbriggt lífni án tillits til efnahags, fötlunar, aldurs eða kynferðis. Leggja þarf áherslu á fræðslu um vímuvarnir og að upplýsingar um úrræði séu aðgengilegar. Bjóða þarf foreldrum upp á fræðslu og stuðning þannig að þeir eflist í uppeldishlutverkinu. Foreldrar eru og verða sterkustu fyrirmyndirnar. Þeir þurfa að setja börnum skýran ramma og fara eftir lögum og reglum. Þá þurfa foreldrar og allir þeir sem koma að uppeldi barna að vera í góðri samvinnu.

Fyrirmyndir finnast einnig í samfélaginu, utan heimilis. Samfélagið þarf að vera meðvitað um ábyrgð sína, að við gerum öll gagn í forvörnum. Þeir sem eldri eru þurfa að vera þeim yngri fyrirmyndir í einu og öllu og senda skýr skilaboð. Við berum öll ábyrgð.

Sett hafa verið fimm meginmarkmið forvarna í Ísafjarðarbæ sem verða endurskoðuð á tveggja ára fresti. Sveitarfélagið setur svo mælanleg starfsmarkmið fyrir hvert ár og verða þau endurskoðuð árlega. Þar mun koma fram hver ber ábyrgð og hvernig árangur skuli mældur. Í febrúar ár hvert skal félagsmálanefnd staðfesta starfsmarkmið komandi árs og fá niðurstöður mælinga fyrra árs um hvernig til tókst með starfsmarkmið þess.

Markmið forvarnaráætlunar

- Tóbaks-, áfengis- og vímuefnalaus æska í Ísafjarðarbæ.
- Gott andlegt og líkamlegt heilsufar íbúa.
- Bæta sjálfsmynd
- Bæta heilsufar
- Stuðla að kynheilbrigði
- Fræðsla fyrir alla aldurshópa um forvarnir.
- Efla fræðslu um vímuvarnir
- Efla foreldrafræðslu
- Efla fræðslu til starfsmanna sem vinna með börnum og ungmennum
- Efla fræðslu um bættu líðan og aukið heilbrigði

- Efla fræðslu um umhverfismál
- Efla kynfræðslu
- Viðhalda fjölbreyttum tómstundaúrræðum fyrir íbúa sveitarfélagsins með áherslu á börn og ungmenni
- Auka samvinnu meðal íbúa og stofnana sveitarfélagsins.
- Kynna vel lög um útivistartíma

Eineltisáætlun

Áætlun um varnir og viðbrögð gegn einelti í leikskólum Ísafjarðarbæjar.

Einelti er ekki liðið í leikskólum Ísafjarðarbæjar.

Markmið eineltisáætlunar leikskóla Ísafjarðarbæjar er að skapa starfsmönnum og nemendum öruggt og gott starfsumhverfi. Allir eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu og að þeir sæti ekki kynferðislegri áreitni, einelti eða öðru ofbeldi.

Vinnuveitanda ber að tryggja starfsmönnum sínum gott starfsumhverfi og er félagslegt umhverfi hvergi undanskilið. Bregðist vinnuveitandi ekki við með tilhlýðilegum hætti getur starfsfólk sem verður fyrir einelti átt bótarétt gagnvart vinnuveitanda sínum og gerandanum. Eineltisáætlun leikskólans er að finna í öryggismöppu leikskólans.

Starfsmönnum leikskólanna ber að koma í veg fyrir að þær aðstæður skapist að einelti geti átt sér stað og vinna gegn því.

Hvað er einelti:

- Það telst einelti þegar um ítrekað ofbeldi er að ræða gagnvart einstakling eða hóp og getur það bæði verið líkamlegt og andlegt.
- Einelti er ofbeldi og félagsleg útskúfun sem hefur alvarlegar afleiðingar fyrir þolandann.
- Gerendur og þolendur í einelti geta verið einn eða fleiri.
 - Markmið með eineltisáætluninni er að gera starfsfólk leikskóla meðvitaðri um einelti í allri sinni mynd þannig að þeir þekki einkennin og geti brugðist við þeim.
 - Einelti fær illa þrífist þar sem góð samskipti ríkja.
- Til að sporna við einelti er mikilvægt að:
 - vinna með samskipti, vináttu, félagsþroska, samkennd, samhygð og að setja sig í spor annarra.
 - styrkja einstaklinginn og byggja hann upp fyrir framtíðina
 - skoða aðstæður í leikskólanum með tilliti til eineltis. Mikilvægt er að allir starfsfólk leggi sömu merkingu í orðið einelti.

Allir eiga það á hættu að tengjast einhvern tíma einelti á einn eða annan hátt, sem þolendur, gerendur eða áhorfendur.

Verði starfsmaður vitni að einelti ber honum að bregðast við því, með því að veita allar þær upplýsingar sem fyrir hendi eru til réttara aðila svo hægt sé að taka sem fyrst á málinu. Starfsfólk eru allir ábyrgir varðandi greiningu og lausn eineltismála.

Leikskólastjóri er alltaf ábyrgur fyrir þeirri vinnu sem fer í gang varðandi einelti.

Starfsmenn eiga að vera jákvæðar fyrirmyndir, vanda orð sín og athafnir og bera virðingu fyrir tilfinningum og sérkennum annarra.

Viðbragðsáætlun vegna eineltis:

Starfsfólk sem verður fyrir einelti eða kynferðislegri áreitni skal snúa sér hið fyrsta til næsta yfirmanns og tilkynna um atvikið.

Aðilar sem einnig er hægt að snúa sér til:

1. Skólastjóri
3. Skóla- og sérkennslufulltrúa Ísafjarðarbæjar
4. Sviðstjóri Skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar
4. Mannauðsstjóri Ísafjarðarbæjar

Sá aðili sem samband er haft við ákvarðar síðan í samráði við þolandann hvert framhaldið verður. Hægt er að velja á milli óformlegrar eða formlegrar málsmeðferðar.

Óformleg málsmeðferð:

Slík málsmeðferð felur í sér að leitað er upplýsinga hjá þolanda og honum veittur stuðningur með trúnaðarsamtali eða ráðgjöf. Aðrir innan vinnustaðarins eru ekki upplýstir um málið.

Formleg málsmeðferð:

Gerð er hlutlaus athugun á málsatvikum. Rætt er við þolanda, geranda og aðra um tímasetningar og fá fram gögn ef einhver eru, s.s. tölvupósta, sms-skilaboð eða annað.

Fundin verður lausn sem m.a. getur falist í breytingum á vinnustaðnum, vinnubrögðum eða vinnuskipulagi. Gerandi mun fá leiðsögn og aðvörun, hann gæti líka verið færður til í starfi.

Málinu verður fylgt eftir og rætt við aðila þess að ákveðnum tíma liðnum. Fylgst verður með samskiptum aðila málsins.

Hugmyndir að fyrirbyggjandi vinnu með starfsmönnum:

Einn starfsmannafundur á ári tileinkaður samskiptum / einelti þar sem samskiptastefna og eineltisáætlun er yfirfarin og endurskoðuð.

- Markviss fræðsla um einelti og samskipti t.d. í símenntunaráætlun.
- Umræður og fræðsla um samskipti þurfa að vera stöðugt í brennidepli.
- Gera athuganir um samskipti.
- Kortleggja aðstæður í leikskólanum, hver eru “gráu svæðin”?
- Vinna með virðingu, samkennd og tilfinningar.

Börn þurfa að fá tækifæri til að tjá tilfinningar sínar og fá viðurkenningu frá hinum fullorðna um að það sé eðlilegt að ræða þær.

Hugmyndir að fyrirbyggjandi vinnu með börnum:

- Gera athuganir um samskipti.
- Kortleggja aðstæður í leikskólanum, hver eru “gráu svæðin”?
- Kanna líðan barnanna
- Skoða félagsleg tengsl í barnahópnum. Eiga öll börn vini í leikskólanum ?
- Styrkja sjálfsmynd barnanna, æfa þau í samskiptum, að tjá tilfinningar sínar og að setja sig í spor annarra.
- Börnin eru þátttakendur í að búa til samskiptareglur og skilgreina hvað þær þýða, hlutverk þeirra og gildi.
- Lífsleikninám – þar sem að unnið er með lífsgildi, dyggðir og samlíðun.
- Vinna með virðingu, samkennd og tilfinningar.

Rýmingaráætlun

Rýmingaráætlun skólans hangir upp á vegg víðsvegar í leikskólanum og er starfsfólk hvatt til að kynna sér áætlunina.

Í skólanum er brunaviðvörðunarkerfi og ef boð koma frá kerfinu er mjög mikilvægt að bregðast alltaf við og athuga hvað veldur boðunum. Hugsíð aldrei að einhver annar eigi að kanna málið, gangið alltaf strax úr skugga um að það hafi verið gert.

Brunaviðvörðunarkerfið er tengt vaktstöð. Viðbrögð við boðum:

Allt starfsfólk fer í viðbragðsstöðu. Hikið aldrei við að rýma húsið ef minnsti grunur er um að þess þurfi. Betra er að taka ákvörðun um rýmingu fyrr en seinna. Jafnvel þó takist að slökkva eldinn strax getur verið nauðsynlegt að leita aðstoðar slökkviliðs, til að reykræsta húsið og meta hvort hætta er á frekari eldi.

Stjórnun:

Mikilvægt er að alltaf sé á hreinu hver á að stjórna. Skal það vera æðsti stjórnandi eða staðgengill hans. Mikilvægt er að stjórna þannig að ekki fari milli mála hver stjórnar. Nafnalistar með nöfnum barnanna er að finna í Karellen þar sem merkt er við þegar börn koma og fara. IPadar eiga alltaf að vera nálægir starfsfólki svo þeir geti gripið þá með sér.

Ef eldur brýst út þá skal nærstaddur strax reyna að ráða niðurlögum hans með brunavarnarbúnaði skólans.

Tilkynna skal strax og mögulegt er, ef elds verður vart þó um lítinn eld sé að ræða. (Ræsið brunakerfið)

Þurfi að fara út í gegnum hita á reyk, ber að fara með gólfum, þ.e. skríða.

Sum börn forðast hættuástand með því að fela sig. Þess vegna þarf að leita gaumgæfulega að þeim, á öllum hugsanlegum stöðum.

Áætlun um hvað skuli gera ef slys verður á skólatíma

Skrámur og minniháttar meiðsli eru meðhöndluð af kennurum og starfsfólki skólans.

Ef minnsti grunur leikur á því að barn þurfi að komast til læknis t.d. til að láta sauma sár eða búa um meiðsli þá fer starfsfólk skólans með það á heilsugæslustöð og haft er samband við foreldra og ætlast til þess að þeir komi á heilsugæslustöðina og taki við umönnun barnsins.

Ef alvarlegt slys eða dauðsfall ber að höndum á skólatíma hvort sem er hjá barni eða kennara er kallaður til læknir og sjúkrabíll og umönnun viðkomandi sett í hendur heilsugæslunnar. Strax er haft samband við aðstandendur.

Beri alvarlegt slys eða dauðsfall að á skólatíma er unnið eftir sérstöku áfallaferli. Mikilvægt að allir nemendur fari í sínar heimastofur þar sem hópstjóri eða skólastjórnandi gerir grein fyrir aðstæðum og róar nemendur. Í þeim hópum sem tengjast mest þeim slasaða eða látna er unnið eftir ákveðnu áfallaferli sem getur jafnvel náð til alls skólans þar sem samfélagið er svo lítið hér á Flateyri.

Ef að til þess kemur að nota þurfi áfallaáætlun þá eru það leikskólastjóri og hópastjóri sem halda utan um þá vinnu.

Slysatrygging

Ísafjarðarbær hefur keypt slysatryggingu fyrir nemendur í skólum á hans vegum og tekur hún til örorku, dauða og slysakostnaðar samkvæmt ákveðnum reglum. Tryggingin gildir á skólatíma „hvernig svo sem slysið ber að, hver svo sem á sök á því og hvort sem slysið verður við nám eða leik á skólatíma“. Hún tekur ekki til ferða erlendis þó að þær séu farnar í tengslum við skólann.

Tæknideild Ísafjarðarbæjar annast samskipti við tryggingarfélagið fyrir hönd skólanna. Þurfi nemandi að fara á heilsugæslustöð vegna slyss eða óhapps á skólatíma greiðir skólinn fyrir fyrstu heimsókn en ekki fyrir endurkomur.

Slysaskráning

Í barnahópnum geta alltaf orðið óhöpp og slys og ef það kemur fyrir er strax haft samband við foreldra. Sérstök eyðublöð eru til sem fylla á út þegar um slys er að ræða. Sá starfsmaður sem varð vitni að slysinu fyllir út eyðublaðið sem síðan er varðveitt í möppu á skrifstofu leikskólastjóra. Einnig er slysaskráning á vef Karellen. Foreldrar eru látnir vita, þegar barnið þeirra slasast í leikskólanum og að slysið hafið verið skráð.

Jafnréttis og mannréttindaforvarnir í Leik og grunnskóla Önundarfjarðar 2019-2022

Áætlun þessi á við um Grunnskóla Önundarfjarðar og Leikskólann Grænagarð á Flateyri sem undir einu nafni eru kallaðir Leik- og grunnskólinn á Flateyri og er það nafn notað í textanum hér á eftir: Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna nr. 10/2008 ber öllum fyrirtækjum og stofnunum sem hafa fleiri en 25 starfsmenn að setja sér jafnréttisáætlun. Markmið og tilgangur með lögunum er að koma á og viðhalda jafnrétti, hæfileikum og færni karla og kvenna og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins.

Þar sem starfsmenn skólans eru færri en 25 þarf skólinn sem vinnustaður ekki að setja sér aðgerðabundna jafnréttisáætlun þar sem fram kemur hvernig starfsfólki eru tryggð réttindi samkvæmt 19. – 22. gr. jafnréttislaga. Hins vegar ber skólanum sem menntastofnun að uppfylla 22. og 23. gr. laganna gagnvart nemendum sínum.

Starfsfólk Leik- og grunnskólans á Flateyri vinnur að jafnrétti kynja á starfstöðunum, ásamt því að stuðla að því að einstaklingar séu metnir á eigin forsendum, fái að njóta mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, kynvitundar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

Jafnréttisáætlun Leik- og grunnskólans á Flateyri miðast við bæði nemendur og starfsmenn.

Aðaláherslan í skólastarfinu er að nemendur, kennarar og annað starfsfólk nái góðum árangri og að

skólastarfið eflist og styrkist. Þannig ná allir að þroskast og sýna framfarir á sínum forsendum. Við leitumst við að efla gagnkvæmt traust og jákvæð og uppbyggileg samskipti sem og að skapa góðan starfsanda. Réttur allra til að líða vel er höfuð markmið okkar.

Börn

Í aðalnámskrá leikskóla er kaflinn um jafnrétti samofinn kafla um lýðræði og segir þar að í leikskóla beri að stuðla að jafnrétti og virkri þátttöku barna í samfélaginu með því að skapa þeim tækifæri til að upplifa lýðræðisleg vinnubrögð og samskipti í daglegu starfi. Þannig öðlast þau skilning á því hvað lýðræði felur í sér, læra lýðræðisleg gildi og vinnubrögð og þróa með sér borgaravitund.

Virða skal innsæi, reynslu, færni og skoðanir barna og taka mið af sjónarmiðum þeirra við skipulagningu leiksólastarfs og gefa þeim þannig tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum um verkefni og vinnubrögð.

Starfsfólk

Lögð er áhersla á að starfsauglýsingar séu í anda jafnréttis laga og auglýst starf standi opið jafnt konum og körlum. Skólinn hefur þá stefnu að reyna eftir bestu getu að jafna hlutfall kvenna og karla á vinnustaðnum. Í 20.gr.laga nr. 10/2008 um jafna stöðu kvenna og karla kemur fram að störf sem laus er til umsóknar skulu standa opin jafnt konum og körlum.

Konur og karlar í Leik- og grunnskólanum á Flateyri njóta sömu launakjara, hafa jafnan möguleika á breytingum á vinnuaðstæðum s.s. launuðum aukastörfum, stöðuhækkunum og stöðubreytingum, ásamt því að eiga jafnan rétt að launaðri yfirvinnu í hvaða formi sem er.

Starfsfólki eru tryggðir sömu möguleikar til endurmenntunar og starfsþróunar óháð kyni. Lögð verður áhersla á að starfsfólk geti samræmt störf sín og skyldur gagnvart fjölskyldum sínum með sveigjanlegri vinnutíma, hlutastörfum eða með öðrum umsömdum hætti.

Samkvæmt 19. – 22 gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla skulu atvinnurekendur gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.

Öllum starfsmönnum skal vera ljóst að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni viðgengst ekki í stofnuninni. Mikilvægt er að starfsmönnum sé ljóst að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni hefur margar birtingarmyndir svo sem látbragð, orðbragð eða gjörðir, en slíkt skulu starfsmenn aldrei þurfa að sætta sig við.

Áfallaáætlun

Allt starfsfólk er í áfallateymi leikskólans. Leikskólastjóri er tengiliður við utanaðkomandi aðila.

Það er ákvörðun teymis að meta þörf þess að kalla til utanaðkomandi aðila og þá einnig hverja á að kalla til.

Andlegum áföllum barns og starfsfólks ber að sinna eins og best verður á kosið hverju sinni.

Leikskólinn er samfélag þeirra sem þar starfa, barna og starfsmanna. Ef hringt er til skólans einn daginn og tilkynnt um alvarleg veikindi, slys eða dauðsfall nemenda, starfsmanns eða einhvers náins aðstandenda nemanda/starfsmanns þarf skólinn að vera við því búinn.

Mikilvægt er að aðstandendur tilkynni öll áföll sem fyrst til kennara, skólastjóra eða annarra í áfallateymi. Sá sem fær upplýsingarnar fyrst kemur þeim til leikskólastjóra.

Hlutverk áfallateymis er að hafa verkstjórn við válega atburði, útbúa vinnuáætlanir um hlutverkaskipan hverju sinni, í hvaða röð og hvernig bregðast skuli við í hverju tilviki.

Markmið:

- Að styrkja starfsfólk svo það geti brugðist rétt við áföllum sem upp geta komið innan leikskólans.
- Að koma í veg fyrir óöryggi og ráðaleysi starfsmanna.
- Að hjálpa hvert öðru að takast á við sorg og áföll sem gerast innan leikskólans eða hafa áhrif inn í leikskólann.
- Að efla þekkingu starfsmanna á sorg og áföllum

Áætlun:

- Allt starfsfólk leikskólans myndar áfallateymi sem er ábyrgt fyrir viðbrögðum þegar á reynir
- Ef starfsfólk fær vitneskju um dauðsfall eða áfall sem tengist leikskólanum skal hann strax láta leikskólastjóra vita sem sér um að kalla saman áfallateymi og stjórn aðgerðum
- Ef dauðsfall eða áfall á sér stað utan opnunartíma leikskólans sér leikskólastjóri um að hringja í starfsfólk og ákveða hvað gert verði að leikskólans hálfu.
- Ef dauðsfall eða áfall á sér stað á opnunartíma þarf að grípa strax til viðeigandi ráðstafana, síðan kemur áfallateymi saman og leggur á ráðin um aðgerðir.

Viðbrögðum má skipta í tvennt: Annars vega fyrstu viðbrögð og hins vegar eftirfylgd með barninu/starfsmanni og er því stjórn að af áfallateymi.

Fyrstu viðbrögð er að sýna samúð og skilning og hafa kyrrðarstund með börnum og starfsfólki.

Mikilvægt er að starfsfólk þekki viðbrögð barna við áföllum og viti hvernig eigi að veita áfallahjálp. Mikilvægt er að starfsfólk fái fræðslu um sorg og sorgarviðbrögð.

Mikilvægt er að huga að óskum þeirra fjölskyldna sem hlut eiga að máli hverju sinni.

Áfallateymið skal sjá til þess að allt starfsfólk fái kynningu á því hvernig bregðast skuli við áföllum. Það skal jafnframt sjá til að allt starfsfólkið fái stuðning og aðstoð

Fylgiskjöl

Hér á eftir má sjá stöðu umbóta út frá ytramati menntamálastofnunnar vor 2019

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. Skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<u>Svið I – Leikskólinn og umhverfi hans¹</u>					
<p>Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara og því þarf áfram að leita leiða til að ráða leikskólakennara til starfa.</p>	<p>Leitað er að lærðum leikskólakennurum, auglýst reglulega. Sviðsstjórar hafa skoðað hvort kennarar fái fluttir milli skóla á svæðinu. Umræður eru í gangi við Háskólasetur Vestfjarða um að fara af stað með fjarnám í leikskólakennarafræðum ef áhugi er fyrir hendi hjá starfsmönnum, einn starfsmaður hefur þegar lýst áhuga á þessu námi. Störf sem verða auglýst næst verða frá 1. ágúst 2021.</p>	<p>Hafið</p>	<p>Þegar staðan verður orðin ásættanleg. Staðan vorið 2020 er þessi. Deildarstjóri með þroskaþjálfamenntun fékkst til starfa í desember 2019. Eftir sumarfrí 1. ágúst 2020 verður samsetning starfsmanna þessi: Deildarstjóri=þroskaþjálfari, 1 starfsmaður með leyfisbréf, 1 starfsmaður með B.ed í leikskólakennarafræðum (kemur úr fæðingarorlofi 15. nóv) einn starfsmaður með Bachelor í menntun og líkamsrækt, master í félagsvísindum og stjórnun íþróttaeininga og master í sjálfbærri ferðaþjónustu og byggðapróun og doctor í félagsfræði</p>	<p>Sviðsstjóri skóla og tómstundasviðs/ skólastjóri</p>	<p>Sjálfsmatsskýrsla vor 2020. Gæðagreininir Forysta og starfsmannastjórnun haust 2023.</p>

¹ Bætið við línunum eftir þörfum.

			<p>íþróttu. Tveir starfsmenn með stúdentspróf.</p> <p>Breyting frá því þetta síðasta var skrifað er að einn starfsmaður m. stúdentspróf er farinn í fæðingarorlof og annar ófaglærður ráðinn í staðinn.</p> <p>Breytingar frá og með ágúst 2021. Ráðinn leikskólastjóri við leikskólann- samrekstri hætt til prufu í eitt ár. Nýr leikskólastjóri er menntaður í leikskólakennarafræðum og með leyfisbréf. Ein staða leikskólakennara er enn laus, einn leikskólakennari heldur áfram störfum og tveir starfsmenn.</p>		
Ráða þarf deildarstjóra fyrir leikskólann en jafnframt skoða hvort réttara væri að reka leikskólann sem eina deild með einum deildarstjóra.	Deildarstjóri fékkst til starfa frá 1. apríl 2019. Skipulagið er þannig að einn deildarstjóri er á leikskólanum. Börnin skiptast í þrjá hópa 1-2 ára saman í hóp, 3 ára saman í hóp og 4-5 ára saman í hóp. Mikil samvinna er í hópum 1-2		<p>Í góðu lagi eins og er.</p> <p>Á ennpá við</p> <p>Leikskólastjóri tók við af deildarstjóra í ágúst 2021 til prufu í eitt ár</p>	Sviðstjóri skóla og tómstundasviðs/ skólastjóri	

	ára og 3 ára. Nýr deildarstjóri, menntaður þroskaþjálfari var ráðinn frá 9. desember 2019.				
Nauðsynlegt er að fjölga íslenskumælandi starfsmönnum í leikskólanum. Miðað við núverandi samsetningu starfsmannahópsins er erfitt að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku.	Í hvorum hópi þ.e. yngri (lítill og mið) og eldri (stór) er einn starfsmaður íslenskumælandi og einn sem er að læra íslensku. Elstu börnin sem eru 4 fara þrisvar í viku í tvær kennslustundir í grunnskólanum þar sem unnið er með málþroska og læsi. Á þeim tíma skapast svigrúm til að þau börn sem eftir eru á leikskólanum fá meira af tíma íslenskumælandi starfsmanna þar. Auglýst er eftir menntuðum leikskólakennurum frá 1. ágúst ár hvert meðan staðan er þannig að það er ófaglært fólk við störf.	Hafið	Auglýst árlega störf frá 1. ágúst ár hvert. Vegna þess hversu hátt hlutfall erlendra starfsmanna er við skólann fékkst leyfi til að ráða inn einn umsækjanda til viðbótar við þann sem ráðinn var í stöðu deildarstjóra og hóf hann störf um áramótin 2019-20. Heildarfjöldi starfsmanna eru því 6. Í nóvember 2020 þegar mannabreytingum verður lokið verða þrír starfsmenn með íslensku að móðurmáli, einn starfsmaður sem er með nokkuð góða íslenskukunnáttu og tveir sem eru allir af vilja gerðir til að bæta íslenskukunnáttu sína. Þetta fór öðruvísi en áætlað var, starfsmaður með B.ed í	Sviðsstjóri skóla og tómstundasviðs/ skólastjóri	Sjálfsmatsskýrsla 2019-2020. Starfsmannsamtöl .

			<p>leikskólakennarafræðum og íslensku að móðurmáli hætti við að koma til starfa, nemendum fækkaði og því var staðan ekki auglýst. Núverandi starfshópur samanstendur því af einum starfsmanni með íslensku að móðurmáli og deildarstjóra, tveimur með leyfisbréf kennara og tveimur sem hafa verið búsettir lengi á Íslandi og því með nokkuð góða íslenskukunnáttu og tveimur sem hafa aðeins verið í fá ár og eru að læra málið. Dagskipulagið er þannig uppbyggt að allir starfsmenn komi að kennslu allra barna. Með hverjum hópi starfa að minnsta kosti einn starfsmaður sem hefur íslensku að móðurmáli. Deildarstjóri tekur alla nemendur í einstaklingstíma í málörvun t.d. með</p>		
--	--	--	--	--	--

			<p>Leikum og lærum með hljóðin. Hópatímar eru tvisvar á dag sá fyrri stuttur en seinni tæp klst. Fara hópar þá á milli starfsmanna, þ.e. eru hjá einum á mánd. og öðrum á þriðjud. o.sfrv. Horft er til styrkleika starfsmanns þegar þema hópastarfs sem hann stjórnar er ákveðið. Elsti hópurinn fær einnig kennslu frá íslenskum kennara í grunnskólanum. Samstarf leik og grunnskóla heldur áfram.</p>		
<p>Mikilvægt er að nýta hverja þá aðstoð sem hægt er að fá í samfélaginu til að bæta íslenskt málumhverfi í leikskólanum.</p>	<p>Elstu börnin sem eru 4 fara þrisvar í viku í tvær kennslustundir í grunnskólanum, sjá nánar í svari hér að ofan. Tónlistarkennari vinnur með leikskólabörnum einu sinni í viku að verkefni sem snýst um málörvun gegnum tónlist. Þetta á ekki við þetta skólaárið þar sem breytingar</p>	<p>Verkefni með skólahóp hófst í ágúst, einnig tónlist,</p>	<p>Árleg endurskoðun. Starfsmönnum var fjölgað tímabundið í vor þar sem tækifæri gafst til þess að fá tvo íslenskumælandi starfsmenn inn í stað eins sem hætti í maí.</p>	<p>Skólastjóri/deildarstjóri/kennarar</p>	<p>Sjálfsmatsskýrsla, Starfsmannasamtöl febrúar 2020. Gæðagreinir Breytingastjórnun haust 2020.</p>

	<p>urðu í tónlistarskólanum en verið er að athuga með reglulegar heimsóknir tónlistarkennara í leikskólann. Horfið var frá þeirri hugmynd að fá íslenskukennara til að kenna samhliða starfinu. Áform eru um að starfsmenn íslenskir og erlendir hittist reglulega næsta haust utan vinnutíma og spili og spjalli og þjálfu þannig íslenskukunnáttu þeirra sem þurfa þess með. Hlutfall íslenskumælandi starfsmanna eykst og gefur meira tækifæri til óbeinnar íslenskukennslu í gegnum starfið.</p>				
<p>Endurskoða þarf starfsáætlun fyrir 2018-2019. Leikskólinn þarf að setja sér ákveðna stefnu, markmið og einkunnarorð með aðkomu allra aðila leikskólasamfélagsins og gera sýnilegt á heimasíðu leikskólans.</p>	<p>Starfsáætlunin hefur verið endurskoðuð og birt á heimasíðu leik og grunnskóla. Þar koma fram áherslur starfsársins 2019-2020. Einkunnarorðin verða fundin í samráði við starfsmenn, foreldra og nemendur og rædd á foreldrafundi sem er framundan. Einkunnarorð hafa verið ákveðin og gerð sýnileg í starfinu. Stefnan er á að verða heilsuleikskóli og</p>	<p>Starfsáætlun-lokið. Foreldrafundur í nóv.</p>	<p>Endurskoðuð árlega. Nýrri áætlun skilað næst 15. september 2020. Skil á áætlun drógust fram undir áramót 2020. Starfsáætlun skilað í október 2021</p>	<p>Skólastjóri / deildarstjóri</p>	<p>Árleg endurskoðun starfsáætlunar.</p>

	<p>fórum við í heimsókn á Heilsuleikskólann Laufás á starfsdegi sem var í janúar. Frekari áætlanir voru um heimsókn á leikskólann Sólborg sem vinnur samkvæmt stefnu landlæknis um heilsueflandi skóla og að taka ákvörðun í framhaldinu um val á stefnu frestuðust vegna samkomutakmarkana sem settar voru á vegna covid-19. Þráðurinn verður tekinn upp að nýju eftir sumarlokun í ágúst 2020. Með nýju dagskipulagi hefur áhersla á hreyfingu og sköpun verið aukin með fyrirmynd frá heilsustefnunni.</p> <p>Enn er stefnan á heilsueflandi skóla í gangi. Hugað að mataræði og hreyfingu og sköpun.</p> <p>Stefna endurskoðuð 2021-2022</p>				
Framkvæma ætti tillögur um úrbætur sem fram koma í Lokaskýrslu	Flestar tillagnanna er þegar komnar í framkvæmd eða í umræðu.	Hafið		Sviðsstjóri skóla og tómstundasviðs/skólastjóri	Sjálfsmatsskýrsla 2019-2020 Gæðagreinar forysta og stjórnun haust 2020

•					
---	--	--	--	--	--

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
---	---	--------------	--------------	------------------	--------------------------

Svið II – Stjórnun

Auka þarf og skipuleggja betur stuðning og ráðgjöf við leikskólastjóra.	Skólastjóri fær stuðning frá sviðsstjóra og skóla og sérkennslufulltrúa auk mánaðarlegra funda með öðrum skólastjórum á svæðinu undir stjórn áðurnefndra. Frá því ytra mat var gert hefur margt breyst. Leikskólastjóri var þá aðeins búinn að starfa í hálf tveggja skóla, leik og grunnskóla. Deildarstjóri og leikskólastjóri vinna vel saman. Starfsmannafundir eru nú í hverjum mánuði og er starfið allt að komast á betra skrið. Aðgengi að fræðslustjóra og sérkennslustjóra er gott og mánaðarlegir fundir með þeim og öðrum skólastjórum Ísafjarðarbæjar gagnlegir. Það hefur þó vantað upp á að sérkennslustjóri hafi haft tækifæri á að koma yfir til okkar til handleiðslu. Að hluta til stafaði þetta af covid-19 og illviðrum. Við náðum samt góðum fundi og kláruðum þær skimanir sem útaf stóðu núna á lokadögum fyrir sumarlokun 2020.	Hafið	Stöðugt áframhald.	Sviðsstjóri skóla og tómstundasviðs, skóla og sérkennslufulltrúi,	Starfsmannasamtal 2020. Gæðagreinar Forysta og starfsmannastjórnun haust 2023.
--	--	-------	--------------------	---	--

	<p>Mikið hefur skort á aðgengi að sérkennslustjóra og sviðsstjóra skólasviðs þetta skólaár. Covid á þar sinn þátt en einnig starfslok sviðsstjóra snemma árs 2021. Skólastjóri var einnig mikið fjarverandi af leikskólanum vegna samgöngutakmarkana og þess að ekki var æskilegt að starfsmenn færu á milli starfsstöðva.</p> <p>Sviðsstjóri og sérkennslustjóri brugðust þó skjótt við þegar skólastjóri kallaði eftir aðstoð vegna gríðarlegs áfalls um miðjan janúar. Fékkst öll sú hjálp sem beðið var um, þjónusta sálfræðings fyrir starfsmannahópinn og reyndur leikskólakennari til að starfa með hópnum í u.þ.b. tvær vikur.</p> <p>Nýr skólastjóri tekur við á leikskólanum í byrjun ágúst. Fráfarandi skólastjóri sem verður áfram skólastjóri grunnskólans mun vera með honum fyrstu dagana til að koma inn í nýtt starf.</p>				
<p>Vinna þarf nýja skólanámskrá í samræmi við áherslur aðalnámskrár leikskóla og skólastefnu Ísafjarðarbæjar. Starfsmenn, foreldrar og börn þurfa að taka þátt í þessari vinnu og</p>	<p>Skólanámskráin kláraðist nú á vordögum og hefur verið birt á heimasíðu leik og grunnskólans. Þegar stefna í heilsuefningu verður komin í gang verður gerð betur grein fyrir henni í námskránni.</p>	Hafið	Árleg endurskoðun.	Skólastjóri/deildarstjóri	Sjálfsmatsskýrsla 2019-2020. Gæðagreinir Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi haust 2020. Gæðagreinir

<p>skólanámskrá skal síðan vera sýnileg á heimasíðu leikskólans.</p>	<p>Dagskipulag hefur verið endurskoðað. M.a. sett inn meiri hreyfing og útvera og málörvun. Nemendur skiptast í fimm hópa og eru hópatímar á morgnana tengdir málörvun. Eftir hádegi er hópatími í u.þ.b. klukkutíma þar sem hver kennari hefur sitt sérsvið; hreyfing, fínhreyfingar og eldhússtörf, sköpun og útinám. Hóparnir hafa lita nöfn og hver kennari hefur hvern hóp ákveðinn vikudag. Álmur hússins hafa fengið ný nöfn, Oddi og Eyri í stað þess að vera kölluð litla og stóra deild áður.</p> <p>Verið er að finna leiðir til að fá nemendur til að leggja mat á skólastarfið og var unnið verkefni því tengt á degi leikskólans þetta árið.</p>				<p>Skólanámskrá vor 2021.</p>
<p>Endurskoða leikskólahluta starfsáætlunar með starfsmönnum, foreldrum og börnum og starfsáætlun á að vera sýnilega á heimasíðu leikskólans og virk í starfi leikskólans.</p>	<p>Deildarstjóri kom að núverandi endurskoðun á leikskólahluta starfsáætlunar. Skólaráð sem skipað er fulltrúum m.a. frá foreldrum og starfsmönnum leikskóla kom einnig að vinnunni. Næst verður hugað að því hvernig nemendur leikskóla geta komið að vinnunni. Verið er að finna leiðir til að fá nemendur til að leggja mat á skólastarfið og var unnið verkefni því tengt á degi leikskólans þetta árið.</p>	<p>Hafið</p>	<p>Árleg endurskoðun</p>	<p>Skólastjóri/ deildarstjóri/ skólaráð(foreldraráð)</p>	<p>Sjálfsmatsskýrsla 2019-2020. Gæðagreinir Breytingastjórnun haust 2020.</p>

	Það má halda áfram að finna fleiri leiðir til að nemendur geti metið skólastarfið. Það sem nefnt er hér á undan tókst vel.				
Skoða mætti hvort hægt væri að fjölga fólki til afleysinga í leikskólanum og auka samvinnu starfsmanna í leikskóla og grunnskóla.	Ráðinn hefur verið inn starfsmaður í afleysingar á leikskólanum. Grunnskólakennari kennir skólahóp 6 kennslustundir á viku. Ákveðið hefur verið að skólahópur fari með sama hætti í grunnskóla og síðasta ár. Skólahópur kemur í grunnskólann tvo daga í viku- samtals 4 kennslustundir auk frímínútna og nestistíma með grunnskólanemum. Dægradvöl kemur í leikskólann alla daga ásamt starfsmanni. Starfsmaður er auk þess í afleysingum. Samstarf leik og grunnskóla verður áfram. Einnig verður áfram ráðinn starfsmaður í afleysingar.	Hafið	Árleg endurskoðun á ráðningum að vori vegna 1. ágúst ráðninga	Skólastjóri.	Gæðagreinir samvinna haust 2019.
Gera þarf leiðbeinandi starfsmannahandbók í samræmi við starfsmannastefnu Ísafjarðarbæjar og gera hana aðgengilega fyrir starfsmenn.	Vinna við starfsmannahandbók er langt komin. Var unnið í í vor en á eftir að ljúka endanlega við og birta. Ekki endanlega tilbúin. Þarf að klára.	Hafið	Des 2019 Vor 2020	Deildarstjóri / skólastjóri	Sjálfsmatsskýrsla 2019-2020. Gæðagreinir forysta og starfsmannastjórnun haust 2023.
Greina þarf óskir starfsmanna um fræðslu sem hentar þeim	Ráðin var inn starfsmaður til afleysinga í leik og grunnskóla skólaárið 2019-20 sem gerir starfsmönnum auðveldara	Hafið	Árleg endurskoðun.	Skólastjóri/	Starfsmannasamtöl í febrúar 2020.

<p>og leikskólastarfinu og leita leiða til að auðvelda þeim að sækja símenntun.</p>	<p>að sækja símenntun. Símenntunaráætlun Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða sem unnin var útfrá viðtölum við starfsmenn hefur verið kynnt forstöðumönnum sem síðan kynna hana starfsfólki. Leyfi fékkst til að ráða auka starfsmann í leikskólann frá áramótum þar sem skortur var á starfsfólki með íslensku að móðurmáli. Áfram verða 6 starfsmenn við leikskólann eftir ráðningar í ágúst 2020 og er þar inni hlutfall afleysingar. Með þessu ætti að vera svigrúm fyrir starfsmenn að komast á námskeið. Nú eru starfsmennirnir aðeins 5 þar sem barnafjöldinn (barngildin) gerir ekki ráð fyrir fleiri starfsmönnum. Ef einhvern vantar er frekar erfitt að láta hlutina ganga upp þar sem vinnustytting hefur komið inn auk lengri undirbúningstíma samkvæmt nýjustu samningum leikskólakennara. Svigrúm til námskeiðsferða er því ekki alveg nægjanlegt nema öruggt sé að afleysingin geti komið inn. Vorum með fasta afleysingu í vor svo þetta gekk vel þegar þurfti. Þannig þarf þetta að vera áfram.</p>				<p>Starfsmannafundur des 2019. Gæðagreinir forysta og í skólastarfi haust 2022. Gæðagreinir Forysta og starfsmannastjórnun haust 2023.</p>
--	---	--	--	--	--

<p>Æskilegt er að leikskólastjóri fylgist með námi og starfi á deildum í því skyni að veita starfsmönnum leiðsögn og endurgjöf.</p>	<p>Leikskólastjóri hefur viðveru einu sinni í viku á leikskólanum og fylgist þá með starfinu inni á deildum. Einnig tekur leikskólastjóri viðtöl við kennara eftir óskum og þegar þörf er á. Var komið þokkalega í gang. Covid-19 setti strik í reikninginn en frá 23. mars – 4. maí var ákveðið að skólastjóri færi ekki á milli starfsstöðva og var því bara í síma og tölvusambandi við leikskólann. Fer aftur í gang í ágúst þegar starf kemst í fastar skorður eftir sumarlokun. Mun leikskólastjóri þá fara inn í hópatíma og fylgist með og gefa leiðsögn og endurgjöf. Leikskólastjóri og deildarstjóri funda í hverri viku. Covid hefur áfram sett strik í reikninginn þar til á allra síðustu vikum en nú kemur leikskólastjóri á leikskólann á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl 10-12 auk þess að koma þangað eftir þörfum.</p> <p>Gekk betur í vor þegar létt var á covid reglum.</p> <p>Leikskólastjóri tók til starfa í ágúst 2021 til eins árs sem verður með fasta viðveru í leikskólanum</p>	<p>Hafið</p>	<p>Stöðugt</p>	<p>Skólastjóri</p>	<p>Starfsmannasamtöl. Sjálfsmatskýrsla. Gæðagreinar samstarf haust 2019, Forysta í skólastarfi haust 2022</p>
<p>Tryggja þarf að starfsþróunarsamtöl séu tekin árlega og unnið markvisst með niðurstöður</p>	<p>Starfsmannasamtöl voru tekin í vor 2019 og í febrúar 2020 og verða tekin næst í febrúar 2021.</p>	<p>Hafið</p>	<p>Endurtekið árlega.</p>	<p>Skólastjóri</p>	<p>Niðurstöður starfsmannasamtala. Sjálfsmatskýrsla. Gæðagreinar</p>

þeirra.	Samtölin hafa frestast en eru nú á dagskrá í dymbilvikunni. Tókst að taka öll viðtöl í vor og skoða niðurstöður.				Samstarf haust 2019, Forysta í skólastarfi haust 2022.
Kynna þarf betur áætlanir um viðbrögð við áföllum og forvarnarstefnu Ísafjarðarbæjar fyrir starfsmönnum og gera aðgengilegar í leikskólanum.	Báðar þessar stefnur eru í starfsáætlun sem nú er aðgengileg á heimasíðu skólanna. Verður einnig prentað út í leikskóla og haft aðgengilegt ásamt öðru sem gagnast starfsmönnum að kynna sér.	Hafið	Vor 2020	Skólastjóri	Sjálfsmatsskýrsla 2019-2020. Gæðagreinir Forysta og starfsmannastjórnun haust 2023.
Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<u>Svið III – Uppeldis og menntastarf</u>					
Æskilegt er að endurskoða og endurnýja leikefni og efnivið og gera aðgengilegri fyrir börnin.	Verið er að panta það sem hægt er samkvæmt fjárhagsáætlun þessa árs og það sem uppá vantar verður sett á næsta ár. Heilmikið hefur nú verið endurnýjað vorið 2020. Nýttum m.a. veglegan styrk frá Kiwanis í klifurdót, skynjunardót, forritun og bókakaup. Nýtt dót er að nýtast vel. Enn er til smá af áætlun þessa árs til að bæta við útileikföng í haust.	Hafið	Vor 2020 Árleg endurskoðun	Skólastjóri/ deildarstjóri	Vor 2020.
Æskilegt er að yfirfara bókakost leikskólans og skoða möguleika á	Keyptar hafa verið nýjar bækur og bókahillur sem gera bækurnar sýnilegri og	Hafið	Endurtekið	Skólastjóri/deildarstjór	Vor 2020.

<p>samskiptum við Bókasafn Ísafjarðar.</p>	<p>aðgengilegri fyrir börnin. Einnig verður möguleikinn á að sækja bækur á bókasafn nýttur í framhaldinu. Mikil viðbót við bókakaup vorið 2020. Fengum einnig veglega bókagjöf frá Kiwanis. Tekið til í bókasafni og því sem var úrelt og ónýtt hent. Árlega sett í fjárhagsáætlun svo hægt sé að bæta við kostinn. Búið að kaupa inn nýjar bækur í haust 2021</p>				
<p>Uppfæra og samræma þarf dagskipulag í leikskólanum og gera aðgengilegt fyrir foreldra.</p>	<p>Dagskipulag hefur verið yfirfarið og er nú sýnilegt foreldrum í anddyri leikskólans og hefur verið sent foreldrum. Karellen hefur verið tekin í notkun og hefur upplýsingaflæði til foreldra aukist til muna. Skipulag mánaðarins sent heim og vikulegir póstar einnig. Heldur áfram</p>	<p>Hafið</p>		<p>Deildarstjóri / skólastjóri</p>	<p>Sjálfsmatsskýrsla. Starfsmannafundur. Gæðagreinir Nám, kennsla og námsmat vor 2023.</p>
<p>Bæta þarf vinnu með læsi og stærðfræði á eldri deild og skoða hvernig unnið er með ljóð, sögur og þulur.</p>	<p>Frá maí 2019 hefur verið starfandi menntaður leikskólakennari með hópnum. Unnið er með læsi og stærðfræði á markvissan og sýnilegan hátt. Elstu börnin fara einnig þrjú daga í viku í tvær kennslustundir í</p>	<p>Hafið</p>		<p>Skólastjóri/ deildarstjóri/kennarar</p>	<p>Sjálfsmatsskýrsla. Starfsmannafundur. Gæðagreinir Nám, kennsla og námsmat vor 2023.</p>

	<p>grunnskólanum þar sem unnið er með málörvun og læsi. Tónlistakennari vinnur einu sinni í viku með leikskólabörnum sem koma í grunnskólann. Hópastarf komið vel í gang. Er ennþá í góðu lagi. Í skoðun að fá tónlistarkennara aftur inn. Tónlistarkennari kom inn nokkur skipti í vor og gekk það vel. Skoðað verður í ágúst hvernig þetta verður framkvæmt næsta skólaár. Stærðfræði, læsi og þulur áhersluþættir í starfsáætlun 2021-2022</p>				
<p>Leggja þarf áherslu á aðkomu barna að ákvarðanatökum og vali á verkefnum.</p>	<p>Börnin velja sér leikföng til að leika með í frjálsum leik. Valtímar þar sem val er með ákveðnu kerfi, myndir af því sem er valið og svo ákveðið langur tími sem á að vera í því sem valið er.</p> <p>Börnin fá tækifæri á að meta ákveðin verkefni og leikefni yfir veturinn með því að gefa þeim broskall ☺ fýlukall ☹ skráningar á svörum og</p>	<p>Hafið</p>		<p>Deildarstjóri, kennarar, skólastjóri</p>	<p>Gæðagreinir Sköpun og leikni vor 2020.</p>

úrvinnsla út frá þeim 2021-2022

<p>Auka þarf áherslu á sjálfshjálp barnanna í matartímum.</p>	<p>Þetta er komið í gang að hluta og verður aukið. Þriggja ára nemendur sjá nú sjálfir um að þvo sér um andlit eftir máltíðir og þurrka einnig af smekknunum sínum. Elstu börnin eru sjálfþjarga í hádegis matartímum. Þau hella sjálf í glas og skammta sér á disk. Í stað þess að borða bara með gaffli hafa börnin nú einnig hníf og æfa sig í að skera sjálf í bita. Það vantar á sjálfshjálpinu í morgunverðartímum og kaffitímum en það má bæta með því að kaupa hentugri ílát undir morgunverðinn og hafa nægilega marga smjörhnífa svo margir geti smurt í einu. Var komið í lag en covid hefur sett strik í reikninginn þar sem snerting margra er sumstaðar ekki æskileg. Þarf að færa aftur í fyrra horf sem var orðið mjög gott.</p>	<p>Hafið</p>	<p>Des 2019</p>	<p>Deildarstjóri/ kennarar/ skólastjóri</p>	<p>Sjálfsmatsskýrsla. Eftirlit og endurgjöf skólastjóra.</p>
<p>Leggja aukna áherslu á vettvangsferðir og útinám.</p>	<p>Bók um útinám er notuð. Kennarar hafa rætt saman um hvernig megi sem best koma útinámi við og var niðurstaðan</p>	<p>Hafið</p>		<p>Deildarstjóri/ kennarar/ skólastjóri</p>	<p>Starfsmannafundur. Endurgjöf skólastjóra. Gæðagreinar</p>

	<p>að skipta börnunum í hópatímum og einn starfsmaður sæi um markvisst útinám þannig að hver hópur fer með henni einu sinni í viku.</p> <p>Tveir hópatímar hafa að miklu leyti farið fram utandyra, útivist og vísindi.</p> <p>Vettvangsferðir og útivist í starfsáætlun 2021-2022</p>				Sköpun og leikni vor 2020.
<p>Leggja aukna áherslu á þátttöku og ábyrgð barna í flokkun.</p>	<p>Í athugun er að kaupa ílát til að flokka í inni á deild og kenna börnunum að nota þá. Efniviður sem til fellur á leikskólanum er endurnýttur í verkefnum nemenda, t.d. mjólkurfernur, pakkar undan mat o.fl. Það er samt ekki miki sem fellur til af þess háttar inni á deildunum svo þessu til viðbótar gæti verið gott að kenna í gegnum umræður og leik. Athuga með þátttöku í grænfánaverkefni.</p> <p>Búið að panta flokkunarílát fyrir deildir</p>	Des 2019	<p>Flokkun inni á deildum og grænfánaverkefni hefur enn ekki komist í framkvæmd vor 2020. Flokkun að hluta komin í gang núna en grænfánaverkefnið bíður.</p> <p>Skoðum hvort við ættum að fara inn í Grænfánaverkefnið. Flokkun hefur aukist.</p>	Deildarstjóri/ skólastjóri/ kennarar	Sjálfsmatsskýrsla. Gæðagreinir Sköpun og leikni vor 2020.
<p>Gera einingarkubba og annað leikefni aðgengilegt fyrir börnin.</p>	<p>Einingarkubbar eru orðnir hluti af því sem börnin hafa um að velja í leikstofu í eldri hópi. Annað efni hefur einnig verið gert aðgengilegra.</p>		Lokið	Deildarstjóri / kennarar/ skólastjóri	Gæðagreinir Sköpun og leikni vor 2020.

<p>Leggja aukna áherslu á skapandi starf í leikskólanum, yfirfara efnivið til skapandi starfs og gera aðgengilegan fyrir börnin.</p>	<p>Listastofa sem notuð var fyrir hóp þegar ytra matið var gert hefur nú verið gerð aftur að listastofu. Allir nemendur geta haft aðgang að henni. Í vinnslu er að auka efnivið. Skapandi starf er nú vel sýnilegt í leikskólanum. Í haust einbeitum við okkur að því hvernig við aukum sjálfstæði og sjálfstraust barnanna við sköpun.</p> <p>Þessi vinna heldur áfram Bætt hefur verið við efnivið til skapandi starfs haust 2021</p>	<p>Hafið</p>		<p>Deildarstjóri/kennarar/skólastjóri</p>	<p>Starfsmannafundur, endurgjöf skólastjóra. Sjálfsmat. Gæðagreinir Sköpun og leikni, vor 2020.</p>
<p>Æskilegt að auka búnað til vísindastarfs í tengslum við rannsóknir, ræktun og útinám.</p>	<p>Þessi þáttur er í vinnslu.</p> <p>Leikskólinn hefur fengið eina smásjá. Það þarf að finna leið til að rækta á leikskólalóðinni eða samnýta stóra gróðurkassa sem eru á grunnskólalóð. Eldri hópur fór haustið 2019 og fékk að taka upp kartöflur og radísur á grunnskólalóð.</p> <p>Útinám hefur aukist með tilkomu breytingar á hópatímum.</p> <p>Fengum tvo bala til að rækta í á skólalóðinni og voru þar settar niður kartöflur og ýmis fræ. Einnig var ræktað inni.</p>	<p>Hafið</p>	<p>Haust 2020</p>	<p>Skólastjór/ deildarstjóri</p>	<p>Gæðagreinir sköpun og leikni vor 2020.</p>

<p>Meta hvernig unnið er með tónlist í leikskólanum og auka ef með þarf.</p>	<p>Kennarar vinna með tónlist í hópatímum og samverustundum. Eitthvað er til af hljóðfærum en einnig er unnið með söngva í myndböndum og hljóðdiskum. Tónlistarkennari vinnur með elstu nemendum einu sinni í viku. Tónlistarkennari hefur ekki unnið markvisst með nemendum leikskóla þetta skólaár en í skoðun að koma því samstarfi á aftur. Tónlistarkennari kom inn á vorönn.</p>	<p>Hafið</p>		<p>Skólastjóri/ deildarstjóri/ kennarar</p>	<p>Endurgjöf leikskólastjóra. Gæðagreinir Sköpun og leikni vor 2020.</p>
<p>Leita þarf leiða til að meta nám og framfarir barna með aðkomu starfsmanna og foreldra.</p>	<p>Skimunaráætlun er til staðar. Orðaskil við 1,5 ára, EFI-2 3-4 ára, Hreyfiþroskapróf 4 ára, Hljóm 2, 5 ára, Tove krog 5 ára, Mio stærðfræðiskimun 2,3 og 4 ára. Skóla og sérkennslufulltrúi aðstoðar við skimanirnar. Covid og fleira hefur haft áhrif á aðgengi að aðstoð sérkennslufulltrúa. Heldur áfram</p>	<p>Hafið</p>	<p>Endurtekið</p>	<p>Skólastjóri, deildarstjóri, skóla og sérkennslufulltrúi.</p>	<p>Sjálfsmatsskýrsla. Gæðagreinir Nám, kennsla og námsmat vor 2023. Gæðagreinir Þroski og framfarir leikskólabarna haust 2022.</p>
<p>Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu</p>	<p>Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta</p>	<p>Hvenær hefst</p>	<p>Hvenær lokið</p>	<p>Ábyrgðaraðili/ar</p>	<p>Endurmat, hvenær/hvernig</p>

Svið IV – Foreldrasamvinna og ytri tengsl

<p>Kjósa skal foreldraráð við leikskólann í samræmi við Lög um leikskóla 90/2008, 11 grein.</p>	<p>Ákveðið var á skólaráðsfundi í september að prófa í eitt ár að hafa sameiginlegt skólaráð fyrir leik og grunnskóla ef það fengist samþykkt af fræðslunefnd. Tillagan var samþykkt og verður fyrsti fundur í sameiginlegu skólaráði í nóvember. Skólaráð starfar enn sameiginlega. Fundir hafa ekki verið haldnir þetta skólaár vegna takmarkana covid en eru á dagskrá í apríl og endaðan maí. Sameiginlegt skólaráð kom ekki saman þetta skólaárið en hafði samskipti í gegnum tölvu. Frá hausti 2021 verður Foreldraráð skipað foreldrum leikskólabarna</p>	<p>Hafið</p>	<p>Endurskoðað vor 2020</p>	<p>Skólastjóri / fræðslunefnd/ sviðsstjóri</p>	<p>Metið á síðasta fundi skólaráðs þetta skólaár, sem haldinn verður í maí.</p>
<p>Auka þarf upplýsingar til foreldra um börnin og daglegt starf í leikskólanum.</p>	<p>Deildarstjóri hefur sent bréf með hagnýtum upplýsingum til foreldra. Foreldrahandbók er í vinnslu. Upplýsingum hefur verið komið á töflu í anddyri. Meiri upplýsingar eru komnar inn á heimasíðu leik og grunnskóla. Karellen er notuð til að gefa upplýsingar um svefn, hversu vel börnin borða og mætingu.</p>	<p>Hafið</p>	<p>Endurtekið</p>	<p>Skólastjóri/ deildarstjóri.</p>	<p>Sjálfsmatsskýrsla. Foreldrakönnun. Gæðagreinir Skólanámskrá vor 2021. Gæðagreinir Samstarf haust 2019.</p>
<p>Bæta þarf upplýsingar á heimasíðu og hafa á fleiri tungumálum en íslensku.</p>	<p>Heimasíðan er orðin virkari en áður. Ennþá eru upplýsingar eingöngu á íslensku. Haust 2021 ekki er sér heimasíða fyrir leikskólann upplýsingaflæði í gegnum Karellen dagleg samskipti og tölvupóst</p>	<p>Hafið</p>	<p>Vor 2020</p>	<p>Skólastjóri / deildarstjóri</p>	<p>Sjálfsmatsskýrsla. Gæðagreinir, verklag sem stuðlar að sanngirni, haust 2021.</p>

Gera ætti sýnilegt fyrir starfsmenn og foreldra skipulag um samstarf leikskóla, grunnskóla, dægradvalar og íþróttahúss.	Í skólanámskrá 2019-2020 er sagt frá þessu samstarfi. Það þarf að skoða hvernig best er einnig að koma upplýsingum um samstarfið á einfaldan og sýnilegri hátt til starfsmanna og foreldra. Sagt frá skipulagi um samstarf leikgrunn og dægradvalar í starfsáætlun 2021-2022	Hafið	Endurtekið.	Skólastjóri, deildarstjóri.	Árleg endurskoðun skólanámskrár.
•					

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið V – Skóli án aðgreiningar					
Gera ætti ferli vegna gruns um frávik hjá börnum sýnilegt í leikskólanum.	Form sem Ísafjarðarbær á verður notað. Hengt upp í starfsmannaaðstöðu. Verður rætt aftur og útskýrt fyrir starfsmönnum á starfsmannafundi 22. mars n.k. Er sýnilegt á starfsmannaaðstöðu en nauðsynlegt að rifja reglulega upp.	18. nóvember á starfsmannafundi	18. nóvember á starfsmannafundi	Skólasstjóri	Ef forminu verður breytt.
Auka ætti vinnu með fjölmenningu í leikskólanum.	Eins og er eru starfsmenn frá Íslandi, Póllandi og Sírlandi. Börn eru frá Íslandi, Póllandi, Sírlandi og Argentínu. Hugmyndir um hvernig við getum unnið betur með fjölmennunguna verða teknar fyrir á starfsmannafundi í desember. Taka umræðuna aftur á starfsmannafundi og gera áætlun. Börn sem eiga uppruna á Íslandi, Póllandi, Argentínu, Frakklandi og Filipseyjum. Starfsmenn eru frá sömu löndum að Argentínu undanskilinni. Heldur áfram	Desember 2019.		Skólastjóri/ deildarstjóri	Gæðagreinir Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi haust 2020. Umræður á starfsmannafundi í desember.
Auka þarf íslenskukennslu fyrir börn með annað móðurmál en íslensku.	Starfsmenn fóru nýlega á námskeið hjá Elínu Þöll í notkun á Milli mála. Elstu börnin í leikskólanum fara í tvær kennslustundir í senn, þrisvar í	Hafið	Stöðugt	Skólastjóri, deildarstjóri, kennarar	Gæðagreinir Einstaklingsmiðun haust 2021.

	<p>viku í grunnskólanum, í þeim hópi eru tveir nemendur með annað móðurmál en ísl. Þar er kennari með þau og er meðal annars unnið með námsefni sem kallast Samræðufélagar. Á þessum tíma skapast einnig svigrúm til einstaklingsmiðaðrar vinnu í leikskólanum þar sem næstelsti hópurinn nýtur þá fámennisins með leikskólakennara en í þeim hópi eru einnig tveir með annað móðurmál.</p> <p>Samvinna leik og grunnskóla enn í gangi og gefur mikla möguleika. Leikskólastjóri með málörvun og fasta viðverutíma á deildum</p>				
Hafa ætti upplýsingar frá leikskólanum á fleiri tungumálum en íslensku.	<p>Hugmynd að fá starfsmenn til að aðstoða við að koma helstu upplýsingum yfir á þau tungumál sem þeir tala. Ennþá allt á Íslensku sem fer upp á vegg.</p>	Desember	Vor 2020	Skólastjóri	
•					

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið VI – Innra mat					
Skipa matsteymi leik- og grunnskólans með þátttöku allra deilda og hagsmunaaðila.	Vegna fámennis koma allir starfsmenn jafnt að innra mati. Innra mat hefur nú farið markvisst af stað eftir 5 ára áætlun með gæðagreinum. Gæðagreinar eru þungir í framkvæmd vegna tungumálsins. Unnið var með einn gæðagreini á vordögum en þeir eru tímafrekir vegna tungumáls. Þarf að skoða hvort ekki má finna einfaldara form.	Nóvember 2019	Vor 2024	Skólastjóri, deildarstjóri	Gæðagreinar umbótamiðað sjálfsmat, vor 2024
Gera þarf matsáætlun til nokkurra ára sem endurspeglar að helstu þættir starfsins séu metnir.	Drög að matsáætlun til 5 ára, vegna gæðagreina, eru tilbúin. 5 ára áætlun er tilbúin en erfitt að fylgja vegna þess hversu þungir gæðagreinarnir eru i vinnslu þegar grunnur í tungumálinu er ekki til staðar hjá öllum starfsmönnum.	Nóvember 2019	Vor 2024	Skólastjóri	Gæðagreinar umbótamiðað sjálfsmat, vor 2024
Gera nákvæma matsáætlun fyrir skólaárið sem unnið er markvisst eftir. Fram þarf að koma hvaða þætti eigi að meta, hvernig þeir tengjast markmiðum skólans, hvernig eigi að meta þá	Gróf matsáætlun er tilbúin en á eftir að vinna betur.	Desember 2019	Janúar 2020	Skólastjóri	Gæðagreinar umbótamiðað sjálfsmat, vor 2024

og hvenær, hvaða viðmið liggja til grundvallar og hver beri ábyrgð á matinu.					
Afla fjölbreyttra gagna frá öllum hagsmunahópum og gæta þess að allir hópar hafi aðkomu að skipulagningu matsins og samræðu um þróun og umbætur.	Starfsmannakannanir, foreldrakannanir, umræður meðal nemenda.	Vor 2020	Endurtekið	Skólastjóri, deildarstjóri	Gæðagreinir Skólanámskrá vor 2021. Gæðagreinir Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi haust 2020.
Leita eftir sjónarmiðum barna í innra mati.	Finna þarf punkta sem henta til að hafa umræður með eldri börnunum þegar unnið er með gæðagreina er varða námsskilyrði og velgengni og árangur. Nemendakannanir. Var prófað á degi leikskólans í ár. Gekk vel að vinna í gegnum skapandi verkefni. Börnin fá tækifæri á að meta ákveðin verkefni og leikefni yfir veturinn með því að gefa þeim broskall ☺ fýlukall ☹.	Haust 2019	Vor 2024	Skólastjóri/deildarstjóri	Gæðagreinir Umbótamiðað sjálfsmat vor 2024.
Þegar niðurstöður liggja fyrir þarf að skrifa greinargerð um innra mat, þar sem dregnir eru fram helstu styrkleikar og helstu tækifæri til umbóta.	Jafnóðum og gæðagreinar eru unnir eru niðurstöður dregnar saman í umbótaáætlun. Endanleg samantekt á öllum gæðagreinum er síðan birt í umbótaáætlun að vori og í ársskýrslu. Eins og áður hefur komið fram eru gæðagreinarnir þungir í framkvæmd vegna tungumálsins.	Nóvember 2019	Vorið 2020	Skólastjóri / deildarstjóri	Ársskýrsla vorið 2020. Vor 2024 metið með gæðagreini Umbótamiðað sjálfsmat.

<p>Út frá niðurstöðum innra mats þarf að gera nákvæma umbótaáætlun þar sem meðal annars kemur fram til hvaða aðgerða á að grípa og hvenær, hvernig endurmat eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda umbótum í framkvæmd.</p>	<p>Vinna með gæðagreina til að meta innra starf leikskólans er að fara af stað. Unnið verður með tvo gæðagreina nú í haust og tvo í vor. Gerð verður umbótaáætlun jafnóðum fyrir hvern gæðagreini og síðan sett sama i heild að vori.</p>	<p>Nóvember 2019</p>	<p>Vor 2020 +</p>	<p>Skólastjóri/deildarstjóri</p>	<p>Vor 2020 skoðað hvernig til tókst. Vor 2024 metið með gæðagreini Umbótamiðað sjálfsmat.</p>
<p>•</p>					